FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
174. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 26. JÚLÍ 2017



Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, undirritaði í gær friðlýsingu Jökulsárlóns og svæða sem liggja að lóninu en með friðlýsingunni er svæðið fellt inn í Vatnajökulsþjóðgarð. Staðfestingin á friðlýsingunni fór fram í gær á bökkum lónsins við látlausa athöfn. Með þessu nær þjóðgarðurinn nú frá hæsta tindi landsins og niður að fjöru. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓIK

# Kísilverið þarf að borga rúman milljarð

**Gerðardómur úrskurðaði á mánudag að United Silicon eigi að greiða ÍAV rúman milljarð króna vegna ógreiddra reikninga. Krafan var upp á rúma tvo milljarða króna auk dráttarvaxta en verktakinn byggði kísilverið í Helguvík áður en starfsmenn hans lögðu niður störf.**

**IÐNAÐUR** United Silicon þarf að greiða verktakafyrirtækinu ÍAV rúman einn milljarð króna vegna ógreiddra reikninga kísilversins í Helguvík. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kvað gerðardómur upp úrskurð þess efnis á mánudag.

Krafa ÍAV hljóðaði upp á rúma tvo milljarða króna auk dráttarvaxta eins og Fréttablaðið fjallaði um í apríl. Reikningarnir vegna framkvæmda við verksmiðjuna námu þar af 1,1 milljarði króna en verktakinn hafði einnig gert bótakröfu vegna riftunar á samningi um að ÍAV kæmi að framkvæmdum á öðrum og þriðja áfanga kísilversins.

Forsaga málsins er sú að ÍAV var aðalverktaki kísilversins en starfsmenn fyrirtækisins lögðu niður störf í Helguvík í júlí í fyrra. Sigurður R. Ragnarsson, forstjóri ÍAV, boðaði þá að meintar vanefndir United Silicon færu fyrir gerðardóm.

Magnús Garðarsson, stærsti eigandi kísilversins og þáverandi stjórnarmaður, sagði í ágúst í fyrra að deilan við ÍAV hefði orðið til þess að verkinu hefði seinkað um tvær vikur. Hafði Magnús þá áður kennt ÍAV um seinkun á gangsetningu kísilversins.

Rúmum mánuði eftir að ÍAV hætti vinnu við kísilverið höfðu starfsmenn þess ekki fengið afhentan tækjabúnað sem þeir voru neyddir til að skilja eftir á lóð United Silicon. Sigurður sagði þá að stærstur hluti um eins milljarðs króna kröfu ÍAV vegna ógreiddra reikninga væri gjaldfallinn og að hann teldi að eigendur kísilversins ættu ekki fyrir framkvæmdinni. Sigurður vildi ekki tjá sig um niðurstöðu gerðardómsins og Magnús Garðarsson hætti í stjórn kísilversins í byrjun árs. Kristleifur Andrésson, upplýsingafulltrúi United Silicon, segir ekki ákveðið hvort málinu verður áfrýjað.

„Við skoðum bara dóminn og svo metum við framhaldið.“ – sg

## Ætla að kveðja EM með sigri

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar spila í kvöld lokaleik sinn á EM þegar liðið mætir Austurríki. Okkar konur ætla að kveðja EM með sigri þótt að hann breyti engu um áframhaldið á mótinu. „Þetta er búið að vera erfitt eftir töpin en við viljum ganga frá þessu móti stoltar og með sigur,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Sara Björk Gunnarsdóttir. -tom / sjá síðu 14



Sara Björk Gunnarsdóttir, landsliðsfyrirliði.

## Leikstýrir verki um geðhvarfasýki

**LÍFIÐ** Níels Thibaud Girerd, betur þekktur sem Nilli, leikstýrir nýju verki sem heitir Ég og minn bipolar bróðir og fjallar um geðhvarfasýki. Spurður út í hvort leikritið sé byggt á einhverri persónulegri reynslu segir Níels:

„Nei, það er það ekki. Ég er að taka við fyrsta leikstjórnarverkefninu á sviði í langan tíma og við ætlum ekkert að setja okkur á neitt háan hest varðandi það að reyna að skilja þennan sjúkdóm.“

Hluti ágóðans sem safnast við sýningu verksins rennur til geðfræðslufélagsins Hugrúnar. Verkið verður sýnt þrisvar sinnum – gha / sjá síðu 22

## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, skrifar um flóttamenn. 8

**TÍMAMÓT** Myndlistarkonan Andrea Maack fagnar fertugsafmæli í dag 12

**MENNING** Elfar Logi og Marsibil sjá um fornsagnatengda viðburði 15

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Austan og norðaustanátt, 10-18 m/s við suður- og suðausturströndina. Undir Eyjafjöllum, í Mýrdal og Öræfum má því búast við hvössum vindhviðum, 25-30 m/s. SJÁ SÍÐU 14

# Um fimm þúsund skátar troðfylltu höllina



Skátamótið World Scout Moot var sett í Laugardalshöll í gærmorgun. Ríflega 5.000 skátar frá 96 þjóðlöndum troðfylltu höllina á opnunarathöfninni en þetta alþjóðlega skátamót er fyrir ungt fólk á aldrinum 18-25 ára. Íslenskir skátar hafa unnið hörðum höndum að undirbúningi mótsins frá árinu 2013 og nú þegar á hólminn er komið eru íslenskir sjálfboðaliðar um 450 auk rúmlega 600 erlendra sjálfboðaliða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Samskip kaupa Nor Lines sem Eimskip vildi

**VIÐSKIPTI** Samskip hafa samið um kaup á rekstri norska skipafélagsins Nor Lines AS sem er í eigu DSD Group. Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki norskra samkeppnisyfirvalda. Markmiðið með kaupunum er að efla starfsemi Samskipa á norska flutningamarkaðinum.

Um er að ræða sama félag og Eimskip reyndi að kaupa fyrr á árinu, en norsk samkeppnisyfirvöld ógiltu kaupin. Sagði Gylfi Sigfússon, forstjóri félagsins, við það tilefni að norsk yfirvöld hefðu gert mistök með „þröngsýnni“ ákvörðun sinni.

**13**

**milljarðar króna er árleg velta Nor Lines.**

Velta Nor Lines er um 110 milljónir evra, sem jafngildir um þrettán milljörðum króna, á ári. Félagið stundar strandsiglingar í Noregi og siglingar til Norður-Evrópu en býður auk þess margvíslega alþjóðlega flutningaþjónustu.

„Fyrirhuguð kaup munu skapa Samskipum mikil tækifæri,“ segir Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa Logistics. „Við höfum verið í mikilli sókn á norska markaðnum undanfarin ár og erum að halda áfram þeirri sókn. Starfsemi Nor Lines fellur einkar vel að starfsemi Samskipa, en með kaupunum munum við ná að bjóða upp á enn víðtækara þjónustuframboð til handa viðskiptavinum okkar og Nor Lines,“ segir hann. **– kij**




**Samskip bíða nú samþykkis norskra samkeppnisyfirvalda.**

# Vilja ná lengra upp K2 í dag

**FÓLK** Hópur Johns Snorra Sigurjónssonar, sem stefnir á að verða fyrsti Íslendingurinn til að klífa næsthæsta fjall heims, K2, ætlar í dag að gera tilraun til að komast úr búðum þrjú í fjögur á fjallinu. Afar slæmt veður setti strik í reikninginn í gær og vill hópurinn nú komast á topp fjallsins á fimmtudagsmorgun að íslenskum tíma.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun um klukkan tíu í gærkvöldi svaf hópurinn í tjöldum í búðum þrjú. Ætluðu meðlimir hans þá að vakna um miðnætti að íslenskum tíma og gera tilraun til að komast ofar. Þau áform eru háð veðri en hópurinn vill svo gista í efri búðunum í eina nótt. Svo slæmt veður var á fjallinu í gær að ekki var hægt að fara út úr tjöldum og höfðu þó nokkrir klifurgarpar, sem ætluðu að freista þess að klífa K2, hætt við. **– hg**

# Stór stund í Hollandi fyrir stóra fjölskyldu

**Ólíklegt má telja að nokkur landsliðskona á Evrópumótinu í Hollandi komist með tærnar þar sem Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir hefur hælana hvað systkinafjölda varðar. Gunnhildur á sjö alsystkin sem öll eru mætt ásamt foreldrunum.**

**EM2017** „Þetta er stór stund fyrir okkur en það vantar auðvitað Gunnhildi. Hún þarf að hanga með einhverju landsliði,“ segir Laufey „Ýr“ Sigurðardóttir, móðir Gunnhildar Yrsu Jónsdóttur, landsliðskonu í knattspyrnu, en fjölskylda hennar heldur í dag frá Amsterdam, til Rotterdam þar sem stelpurnar okkar mæta Austurríki í lokaleik sínum á EM.

„Ef ég hugsa til baka hugsa ég að við höfum aldrei verið saman í útlöndum síðan sú yngsta fæddist,“ segir mamman en Gunnhildur á sjö alsystkyn. Fjölskyldan leigði sér óvenjulegt hús í gegnum Airbnb en stórt hús þarf til að hýsa hópinn, en þau voru fjórtán þegar mest var.

„Við leigðum gamla lögreglustöð sem er búið að breyta í heimili. Þetta er ótrúlegasta hús sem ég hef nokkurn tímann komið inn í,“ segir Ýr sem keypti þó að vissu leyti köttinn í sekknum. Reyndar tvo. Annar mígur út um allt og hinn er bókstaflega úti um allt.



Gunnhildur Yrsa á stóra fjölskyldu og finna þurfti hús á Airbnb sem gat hýst allt að fjórtán manns. Hópurinn heldur í dag til Rotterdam.

„Það hafa verið ýmsar uppákomur tengdar köttunum. Einn er ekki þrifaþjálfaður og svo erum við búin að týna öðrum. Þótt þeir séu bara tveir eru þeir á við fjórtán, vælandi og breimandi úti í garði,“ segir Ýr sem vissi ekki af því fyrr en út var komið að hún hefði samþykkt að passa kettina.




„Ég fékk augngotur frá Nonna, hvað ég væri eiginlega búin að koma okkur út í,“ segir Ýr og hlær. Við þetta bættist að einn tengdasonurinn er með kattaofnæmi þannig að fjölskyldan er búin að fá nóg af köttum og ætlar að fara úr húsinu einum degi fyrr.

Ýr er barnataugalæknir og starfar á barnaspítala í Orlando í Flórída. Þar búa fimm yngstu systkinin, en Jón Sæmundsson, Nonni, eiginmaður hennar, er framkvæmdastjóri hjá auglýsingastofunni ENNEMM á Íslandi og þar búa Tindur, sem er þrítugur og elstur systkinanna, og Urður. Fjölskyldan lætur vel í sér heyra, yngstu systkinin eru máluð í fánalitunum og dómararnir hafa fengið að heyra það frá foreldrunum.

„Við verðum aðalfólkið á morgun,“ segir Ýr og er greinilegt að mikil stemning er í hópnum og gaman.

**kolbeinntumi@365.is**




SUZUKI
Way of Life!
NÝR BALENO!
KYNNUM NÝJAN TÍMAMÓTA BALENO
ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA HANN
VERÐ FRÁ KR.
2.260.000
BALENO
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
SAMRUNI RÝMIS OG HÖNNUNAR
NÝR VALKOSTUR!
SUZUKI BALENO
MILD HYBRID
BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis.
Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur ... samruni hönnunar og rýmis.
Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum bensínvélum, 1,0 Boosterjet og 1250 Dualjet. Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Konur í meirihluta í lögreglunámi

**MENNTUN** Alls 76 konur eru innritaðar á haustönn í lögreglufræðum við Háskólann á Akureyri en í náminu eru nú skráðir 150 nemendur. Hlutfall kynjanna er því nánast jafnt en innritaðir karlar eru 74 talsins.

Um heildarfjölda er að ræða, eða bæði nýnema og nemendur sem eru að hefja síðara námsár sitt. Þetta sýna tölur sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Langflestir nemendanna eru skráðir í fjarnám eða yfir 80 prósent.

Vilhjálmur Árnason, alþingismaður og fyrrverandi lögreglumaður, segir fjarnámið, sem var tekið upp eftir að námið var fært upp á háskólastig, góða viðbót þar sem skortur á lögreglumönnum sé ekki síst vandamál á landsbyggðinni.

„Menn á landsbyggðinni eru þá líklegri til að vilja fara í námið í fjarnámi og þá jafnvel meðfram lögreglustarfi í sinni heimabyggð.“

Aftur á móti komast færri löggæslunemar í starfsnám, sem er hluti námsins, en að jafnaði eru einungis 40 nemendur teknir inn í það á hverju ári. Fjöldi starfsnema hverju sinni endurspeglar áætlaðan fjölda útskrifaðra lögreglumanna á ári.

Auk tveggja ára diplómanáms, sem veitir starfsréttindi, er boðið upp á þriggja ára nám til BA-prófs í lögreglufræðum. – aá



Elsti nemandinn er fæddur 1964 en þeir yngstu árið 1997. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Refresco kaupir gosdrykkjarisa

**VIÐSKIPTI** Evrópski drykkjarvöruframleiðandinn Refresco Group, sem eignarhaldsfélagið Stoðir, áður FL Group, á tæplega níu prósenta hlut í, hefur ákveðið að kaupa kanadíska gosdrykkjaframleiðandann Cott Corporation. Kaupverðið er 1,25 milljarðar dala sem jafngildir um 132 milljörðum króna.

Hlutabréf í Refresco, sem eru skráð á markað í Hollandi, lækkuðu um rúm tvö prósent í verði eftir að tilkynnt var um kaupin í gær.


**Jón Sigurðsson situr í stjórn Refresco Group.**

Með kaupunum styrkir Refresco stöðu sína verulega á Bandaríkjamarkaði, sem er stærsti gosdrykkjamarkaður heims. Sameinað félag Refresco og Cott mun framleiða um tólf milljarða lítra á ári.

Um þrír mánuðir eru síðan franski fjárfestingasjóðurinn PAI Partners gerði 1,5 milljarða dala yfirtökutilboð í Refresco, en stjórn Refresco hafnaði tilboðinu og sagði það of lágt. – kij

# Götuverð hefur hækkað um 80%

**HEILBRIGÐISMÁL** Götuverð á lyfseðilsskyldum lyfjum hefur hækkað um allt að áttatíu prósent frá því að nýr lyfjagagnagrunnur lækna var tekinn upp. Vísbendingar eru um að fíkniefnaheimurinn sé að fara harðnandi og óttast er að sterkari fíkniefni séu á leið til landsins.

Mun minna er um svokallað læknaráp, það er þegar fólk gengur á milli lækna til þess að verða sér úti um stóra skammta af lyfjum, eftir að nýr lyfjagagnagrunnur var tekinn upp árið 2016.

Framboð á lyfseðilsskyldum lyfjum hefur þar af leiðandi minnkað og götuverð hækkað. – sks

# Telur Bjarta framtíð þurfa að gera meira og tala minna

**Hvorki Viðreisn né Björt framtíð næðu manni inn á þing samkvæmt könnun MMR. Flokkur fólksins fengi 6,1 prósent. Inga Sæland, formaður flokksins, segist ekki vera farin að máta sig við þingmannsstólinn en Björt Ólafsdóttir, ráðherra Bjartrar framtíðar, segir fylgi flokksins vonbrigði.**


Björt Ólafsdóttir segir að Björt framtíð muni að loknu kjörtímabili leggja verk sýn í dóm kjósenda FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STJÓRNMÁL** „Það eru alltaf vonbrigði þegar tölurnar eru lágar alveg eins og það er jafn gaman þegar þær eru háar. Þetta sveiflast mikið hjá okkur,“ segir Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra og þingmaður Bjartrar framtíðar, um niðurstöður nýrrar könnunar MMR, en samkvæmt henni mælist Björt framtíð með 2,4 prósenta fylgi.

„Það eina sem stjórnmálamenn geta gert að mínu mati er að tala minna og gera meira. Það er mitt mottó, það er bara þannig að það er ekki það sem maður segir heldur það sem maður gerir sem að mínu mati skilgreinir hvort stjórnmálamenn séu góðir í sínu starfi. Björt framtíð mun að loknu þessu kjörtímabili leggja verk sín í dóm kjósenda,“ segir Björt.

Hvorki Viðreisn né Björt framtíð næðu manni inn á þing ef marka má niðurstöður könnunarinnar sem gerð var dagana 18. til 21. júlí. Fylgi Viðreisnar mældist þá 4,7 prósent. Báðir flokkarnir hafa tapað fylgi frá síðustu könnun í júní. Þrátt fyrir dalandi fylgi flokkanna stóð stuðningur fólks við ríkisstjórnina í stað á milli mánaða, en 34,1 prósent aðspurðra sagðist styðja ríkisstjórnina.

> **Við erum rétt að byrja. Það er stutt liðið á kjörtímabilið og við eigum enn þá eftir að sýna okkur og sanna.**
>
> Jóna Sólveig Elínardóttir, varaformaður Viðreisnar



„Við erum rétt að byrja. Það er stutt liðið á kjörtímabilið og við eigum enn þá eftir að sýna okkur og sanna,“ segir Jóna Sólveig Elínardóttir, varaformaður Viðreisnar. „Það eru mörg brýn verkefni fram undan sem við munum leggja alla okkar krafta í að takast á við og leysa vel og ég hef fulla trú á því að við eigum eftir að fá fjölda tækifæra til að sanna okkur á komandi mánuðum og næstu árum,“ segir Jóna.

„Athygli vakti að Flokkur fólksins bætti hlutfallslega mest við sig á milli kannana, eða rúmum þremur prósentustigum. Flokkurinn fengi 6,1 prósent atkvæða ef gengið yrði til kosninga nú og næði því inn á þing. Inga Sæland, formaður flokksins, segist hins vegar ekki vera farin að máta sig við þingmannsstólinn. Næsta verkefni sé sveitarstjórnarkosningar á næsta ári, en Inga hyggst bjóða sig fram í oddvitasæti í höfuðborginni.

„Ég er orðlaus. Það er allt þess virði að halda áfram að berjast,“ segir Inga um niðurstöður könnunarinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist sem fyrr stærsti flokkur landsins. Fylgi flokksins var 29,3 prósent í júlí. Nokkuð dró úr fylgi Vinstri grænna, sem mælist nú 20,4 prósent. Fylgi Pírata stóð í stað í 13,3 prósentum. Samfylkingin bætti hins vegar við sig fylgi og fór úr 9,1 prósenti í 10,6 prósent. kristinningi@frettabladid.is saeunn@frettabladid.is




# Fá annað tækifæri til að fella Obamacare

**BANDARÍKIN** Repúblikönum í öldungadeild Bandaríkjaþings tókst í gær að safna saman nægilega mörgum atkvæðum þingmanna svo þeir geti gert aðra tilraun til að fella sjúkratryggingakerfið, sem gengur undir nafninu Obamacare, úr gildi.

Fimmtíu þingmenn Repúblikana greiddu atkvæði með því að taka upp málið á ný, en tveir Repúblikanar og 48 Demókratar greiddu atkvæði gegn því.

Þingmaðurinn John McCain, sem var nýlega greindur með heilaæxli, mætti í þingið þar sem hann greiddi atkvæði með tillögunni.

Þar sem fimmtíu greiddu atkvæði með tillögunni og fimmtíu gegn féll það í skaut varaforsetans Mikes Pence að greiða úrslitaatkvæðið. Pence greiddi atkvæði með tillögunni.


Atkvæðagreiðslan er talin sigur fyrir Donald Trump Bandaríkjaforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Repúblikanar vonast til að fella Obamacare úr gildi og koma á nýju sjúkratryggingakerfi. Atkvæðagreiðslan er talin sigur fyrir Donald Trump Bandaríkjaforseta sem hét því í kosningabaráttunni að ná því markmiði. Trump þakkaði McCain sérstaklega í tísti fyrir að leggja leið sína í þinghúsið og tryggja nægilegan fjölda atkvæða fyrir Repúblikana. – aí




The Power to Surprise

## Við stöndum með stelpunum okkar sama hvað

---

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

HVALA KOFI

AUKAHÚS FYRIR SUMARBÚSTAÐINN, HOSTEL, TJALDSVÆÐI EÐA ANNAÐ?



2.427.000KR ÁN VSK

HEFUR ÞÚ ÁHUGA? HAFÐU SAMBAND!
HVALAKOFI@GMAIL.COM EÐA Í SIMA 7806022

ÍSLENSKI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Aukaársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins boðar til aukaársfundar sjóðsins fimmtudaginn 17. ágúst 2017 kl. 17 í Landsbankanum Austurstræti 11.

**Dagskrá fundarins:**

1. Tillögur til breytinga á samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins.

Tillögur til breytinga á samþykktum verða birtar a.m.k. tveimur vikum fyrir aukaársfundinn á vefsvæði sjóðsins, islenskilif.is

Allir sjóðfélagar og rétthafar eiga rétt til setu á fundinum. Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins hvetur sjóðfélaga til þess að mæta.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsvæði sjóðsins, islenskilif.is eða hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans í síma 410 4040.

*Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins*

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft

## Nýr forseti Indlands heilsar



Ram Nath Kovind tók við embætti forseta Indlands í gær við hátíðlega athöfn við forsetahöllina í höfuðborginni Nýju-Delí. Forsetinn fékk stuðning 65 prósent kjörmanna í forsetakosningunum. Kovind er annar þjóðhöfðingi Indlands sem kemur úr dalit-stéttinni sem er lægsta stéttin í stéttakerfi Indverja. NORDICPHOTOS/AFP

# Óleyfisræsin fá að vera út sumarið í Laugalæk

**Sveitarstjóri Rangárþings ytra segir að sækja hafi átt um framkvæmdaleyfi vegna ræsa í Landmannalaugum. Umhverfisstofnun segir ræsin mega vera fram á haust. Svæðisstjóri Vegagerðarinnar segir frágang þeirra verða lagfærðan strax.**

**UMHVERFISMÁL** „Þetta er ákveðin tilraun og hún er algerlega afturkræf ef á þarf að halda, það er ekki búið að skemma neitt,“ segir Svanur G. Bjarnason, svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Suðurlandi, um umdeild ræsi sem komið var fyrir í Landmannalaugum um þar síðustu helgi.

Svanur segir að með því að setja ræsin í Laugalæk hafi menn verið að bregðast við því að vaðið yfir hafi verið villandi fyrir fólk á smábílum. „Það hefur verið að skemma þá. Þetta var nú gert í samráði við fulltrúa umhverfisstofnunar á svæðinu,“ undirstrikar svæðisstjórinn. „En samkvæmt myndunum er þetta náttúrlega alls ekki ásættanlegur frágangur og er náttúrlega ekki fullfrágengið þannig að það er svo ljótt að sjá þetta. Það á eftir að snyrta fláa og skera af ræsaendunum.“

Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, kallaði eftir því í Fréttablaðinu í gær að ræsin yrðu fjarlægð tafarlaust. Svanur segir það ekki verða gert.

„Við höfum verið í samráði við Umhverfisstofnun og þeir líta á þetta sem ákveðna tilraun sem þeir ætla að sjá hver reynsla verður af. Við ætlum strax að klára fráganginn en ef niðurstaðan verður sú að þetta komi illa út þá fjarlægjum við þetta,“ segir Svanur.

> Þetta kom okkur algerlega á óvart, við vissum bara ekkert um þetta fyrr en við fengum senda mynd af þessu ræsi.
>
> 
>
> Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra

Í framtíðinni sé ætlunin að ekki verði ekið þarna inn eftir og þá gerist það af sjálfu sér að ræsin hverfi.

„Þetta kom okkur algerlega á óvart, við vissum bara ekkert um þetta fyrr en við fengum senda mynd af þessu ræsi,“ segir Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.

„Vegagerðin gerir þetta örugglega í góðri trú þar sem þarna hefur verið mikið um fasta bíla skilst mér, en það hefur bara gleymst að óska eftir framkvæmdaleyfi, bæði frá Umhverfisstofnun og sveitarfélaginu,“ segir Ágúst sem kveðst hafa rætt málið við Umhverfisstofnun sem fari með landvörslu í Landmannalaugum.

„Þeir segja að það sé mjög auðvelt að taka þessi ræsi og færa þetta til fyrra horfs. Þeir vilja samt leyfa þessu að vera eitthvað áfram og sjá hvernig þetta kemur út í sumar,“ segir sveitarstjórinn.

„Ég átta mig ekki alveg á því hvaða leyfi þarf að sækja um. Við erum svo sem ekki vanir að sækja um leyfi til að setja svona lítil ræsi í einhverja polla á þessum vegum. En hugsanlega hefur eitthvað misfarist í því og þá munum við leiðrétta það,“ segir Svanur hjá Vegagerðinni. **gar@frettabladid.is**




Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík<br>Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri<br>Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is

# Áfram druslur!



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Maður á víst ekki að nota fyrsta persónu fornafnið ég í leiðara. En ég ætla samt að gera það. Minn leiðari, mínar reglur, mitt vald. Það er eitthvað. Þetta eru ákveðin forréttindi en stundum er þetta líka byrði. Suma daga er erfitt af hafa skoðun innan skilafrests en í dag er ég búinn að ákveða að það séu forréttindi og í krafti þess ætla ég að fara út fyrir kassann. Það er hins vegar óhjákvæmilegt starfsins vegna að það verði mín forréttindi.

Ástæðan er að ég er ekki drusla en ég vil gjarnan vera það. Ég vil vera drusla með hinum druslunum en ég er miðaldra karlmaður með tækifæri til þess að tjá skoðanir mínar á mönnum og málefnum tvisvar í viku í stórum fjölmiðli. Það er vald. Vald er ekki drusla því druslur hafa ekki vald. Þær taka sér vald, sækja það til þeirra sem hafa haft það af þeim í gegnum aldirnar. Þeirra sem hafa sagt konum að hafa hljótt og vera heima að hugsa um börnin, taka til, þrífa og elda mat á meðan þeir færu út að vinna en vera sætar og sexý þegar þeir kæmu heim, búnir að gera við bíla, byggja stíflur, stjórna banka eða skrifa leiðara. Sækja það til þeirra sem hafa áreitt þær, niðurlægt, lamið og nauðgað í krafti styrks, valds, samfélags og kerfis sem hefur löngum verið stjórnað af karlmönnum, mótað af þeim og fyrir þá.

Ég er ekki drusla en ég lít upp til þeirra sem eru druslur. Viðurkenni rétt þeirra yfir eigin líkama, klæðaburði og hegðun. Druslur eiga sig sjálfar og gera það sem þær vilja gera án þess að meiða eða særa nokkra manneskju. Þær setja sín eigin mörk og bera virðingu fyrir sér og öðrum. Það er fallegt. Þær eru líka alls konar; feitar, mjóar, litlar, stórar, skrítnar og skemmtilegar og sumar druslur eru líka strákar. En allar eiga þær það sameiginlegt að þær vilja ráða sér sjálfar, eiga sig sjálfar og vera þær sjálfar. Það er ekki að biðja um mikið en samt virðist það reynast sumum um megn með skelfilegum afleiðingum fyrir aðra en þá sjálfa.

Druslur sækja styrk sinn í fjöldann og vald sitt í sannleika og réttlæti. Þær skila skömminni af kynferðisofbeldi til þess sem því beitir, þangað sem það á heima og þær hafa hátt í nafni frelsis og réttlætis. Þess vegna vil ég gjarnan vera drusla því þær hafa rétt fyrir sér og eru að breyta heiminum til betri vegar. Það er aðdáunarvert.

Aðdáun mín og samhugur gera mig samt ekki að druslu. Ég er stór og feitur miðaldra karlmaður með skegg og skrifa leiðara í mest lesna blað landsins og það gónir enginn á mig eins ég sé grillsteik eða kaldur bjór á sumardegi og það áreitir mig enginn kynferðislega. Ég get því ekki látið eins og ég sé drusla en ég get þó reynt að skilja hvað þær þurfa að þola, fjárinn hafi það. Annað væri ómerkilegt af mér og óábyrgt. Á laugardaginn ætla íslenskar druslur að safnast saman og ganga til móts við betri tíma – halda áfram að breyta heiminum. Ég ætla að reyna að vera drusla á laugardaginn og ganga með þeim því þeir mun fleiri sem mæta og hafa hátt í nafni frelsis og réttlætis þeim mun meiri ávinningur. Áfram druslur!

**Ég get því ekki látið eins og ég sé drusla en ég get þó reynt að skilja hvað þær þurfa að þola, fjárinn hafi það. Annað væri ómerkilegt af mér og óábyrgt.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Sæland á siglingu**
Kýrskýrt er að mikill meðbyr er með Flokki fólksins. Flokkurinn, undir forystu Ingu Sæland, mælist með 6,1 prósents fylgi í nýrri könnun MMR og hefur það aldrei mælst jafnhátt. Flokkur fólksins stóð fyrir sínum stærsta viðburði, að minnsta kosti frá kosningum, um miðjan mánuð þegar fjöldi sótti Sumarþing flokksins í Háskólabíói þar sem málefni fátækra voru í brennidepli.

En eins manns brauð er annars dauði og kæmi það pistlahöfundi reglulega á óvart ef flokksmenn ríkisstjórnarflokkanna Viðreisnar og Bjartrar framtíðar, hverra flokkar mælast báðir undir fimm prósentum, séu sáttir við fylgið.

**Gefið blóð**
Blóðbankinn ítrekaði í gær kall sitt eftir hjálp blóðgjafa en bráður skortur er á blóði. Jórunn Frímannsdóttir, deildarstjóri blóðsöfnunar, sagði í samtali við Bylgjuna að staðan væri alvarleg og að mikilvægt sé að stækka lagerinn fyrir verslunarmannahelgina.

Pistlahöfundur vill hvetja alla sem mega til að gefa blóð. Nálar geta vissulega gert mann hræddan en þær eru þó skömminni skárri en að missa vin eða vandamann vegna þess að hann gat ekki fengið blóð úr Blóðbankanum. Af tvennu illu eru nálar þó óumdeilanlega skárri kosturinn.

thorgnyr@frettabladid.is

# Beðið milli vonar og ótta



Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands

Ég er gestur á jörðinni“ segir í 119. Davíðssálmi. „Við erum gestir og hótel okkar er jörðin“ segir Reykjavíkurskáldið Tómas Guðmundsson í ljóði sínu. Önnur tilvitnunin er rituð fyrir Kristsburð, hin á síðustu öld. Önnur fyrir botni Miðjarðarhafs, hin á eyju norður í höfum. Báðar eru jafn sannar, þóttir gestirnir svokölluðu séu misheppnir með fæðingarstað.

Margir fá ekki lifað í fæðingarlandi sínu vegna ófriðar, óréttlætis eða af öðrum ástæðum. Sumir þeirra hafa leitað til Íslands og beðið um leyfi til að lifa hér og starfa. Saga þeirra er jafnan átakanleg, þar sem fólk hefur flúið hræðilegar aðstæður og valið lífið fram yfir miklar hörmungar og hættur.

Ein þeirra eru feðginin Abrahim Maleki og hin ellefu ára gamla dóttir hans Hanyie. Abrahim er Afgani en fjölskylda hans flúði til Írans, þar sem dóttir hans fæddist. Hún hefur aldrei búið í landi föður síns og á þar enga fjölskyldu. Móðirin yfirgaf þau fyrir tíu árum og barnið hefur engar minningar um hana. Hingað eru feðginin komin í þeirri von að fá alþjóðlega vernd, eftir að hafa verið á flótta um langt skeið. Líkt og aðrir feður vill Abrahim barni sínu aðeins það besta, hann vill að dóttir hans alist upp í friði og öryggi, fái að ganga menntaveginn og verða hamingjusöm í landi sem virðir mannréttindi. Þar sem mannúð og manngæska er innbyggð í þjóðarsálina.

„Í hverju barni sé ég þína mynd“ segir í fallegum jólasálmi. Þessi orð eru í anda frelsarans sem sagði: „Því hungraður var ég og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég og þér hýstuð mig.“

Ég bið þau sem eru í því vandasama hlutverki að taka ákvarðanir um framtíð þeirra sem hingað leita í neyð sinni, að leyfa Abrahim og Hanyie að eiga hér framtíðarheimili. Við erum öll gestir á hótel jörð. Það hlýtur að vera laust pláss á hótel Íslandi fyrir þau. Sýnum mannúð og tryggjum þeim örugga framtíð.

**Við erum öll gestir á hótel jörð. Það hlýtur að vera laust pláss á hótel Íslandi fyrir þau.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Valtað yfir Vestfirðinga



**Gísli Sigurðsson**
íslenskufræðingur

**Áform norsku aflandsfyrirtækjanna um risafiskeldi, byggð á efnahagsmódeli nýlendutímans, eru hins vegar af annarri stærðargráðu og henta alls ekki dreifðum byggðum á Vestfjörðum**

Það hefur verið dapurlegt að fylgjast með viðbrögðum talsmanna norskra aflandsfyrirtækja í sjókvíaeldi á laxi undanfarnar vikur. Tilefnin hafa verið málefna- og efnislegir úrskurðir Skipulagsstofnunar og úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, og nú síðast áhættumat Hafrannsóknarstofnunar vegna laxeldis í opnum sjókvíum við Íslandsstrendur – byggt á viðurkenndum vísindarannsóknum. Þetta eru fyrstu afgerandi viðbrögð íslenskra stjórnvalda og rannsóknarstofnana þar sem tekin eru af öll tvímæli um að norsku aflandsfyrirtækin geti ekki gengið sjálfala hér um firði og flóa og dritað niður sjókvíum eins og þeim þykir sjálfum best henta fyrir skammtímahagnað sinn. Talsmenn aflandsfyrirtækjanna hafa kosið að beita fyrir sig hagsmunum almennings á Vestfjörðum – líkt og þegar almennir borgarar eru notaðir sem hlífiskjöldur í hernaði.

Við blasir að fiskeldi í smáum stíl hefur verið lyftistöng í atvinnulífi á sunnanverðum Vestfjörðum – enda þarf ekki mikið til í svo fámennum byggðum. Áform norsku aflandsfyrirtækjanna um risafiskeldi, byggð á efnahagsmódeli nýlendutímans, eru hins vegar af annarri stærðargráðu og henta alls ekki dreifðum byggðum á Vestfjörðum – m.a. vegna þeirra gríðarlega neikvæðu samfélags- og umhverfisáhrifa sem eldið myndi hafa, ekki bara á Vestfjörðum heldur líka um allt land. Viðurkenndar rannsóknir á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis á laxi hafa sýnt að lúsafaraldrar myndu leggjast á og drepa lax og silung í sjó vestra, saurmengun, fóður- og lyfjaleifar spilla æðarvarpi og fiskimiðum, sérstaklega skelfiski á borð við rækju, og sleppifiskar úr kvíunum blandast villta laxinum og eyða honum í öllum íslenskum ám, hringinn í kringum landið. Málið snýst ekki bara um einhverjar „sprænur í Djúpinu“ eins og stórkarlar að vestan láta hafa eftir sér.

Á Vestfjörðum er fjöldi fólks sem hefur atvinnu af smábátaveiðum og sjóstangaveiði, æðarrækt og þjónustu við ferðamenn sem sækjast eftir að komast í óspillta náttúru þessa einstaka landshluta. Að ekki sé talað um saltverksmiðjuna á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp – sem yrði fyrsta fórnarlamb áformaðs fiskeldis í Djúpinu vegna mengunar. Talsmenn norsku aflandsfyrirtækjanna láta eins og þetta fólk sé ekki til og treysta á að það sjálft þori ekki að láta í sér heyra af ótta við harkaleg viðbrögð þeirra sem betur mega þar vestra – og í Noregi. Valdhrokinn og yfirgangurinn er svo mikill að um allt land hræðist fólk atvinnumissi ef það dirfist að tala máli náttúrunnar og hagsmuna þeirra fjölmörgu sem hafa afkomu sína og lífsánægju af því að henni sé ekki spillt.

Við verðum að vona og treysta því að lýðræðislega kjörin stjórnvöld í landinu láti ekki stjórnast af sérhagsmunum norskra aflandsfyrirtækja og hafi afl til að fylgja þeim lögum sem í gildi eru, virða alþjóðlega sáttmála um vernd villtra dýra og miða ávallt við almannahag og bestu fáanlegu þekkingu á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis. Fiskeldi er ágæt leið til að framleiða matvæli en það á heima í lokuðum kerfum sem menga ekki umhverfið.

# „Við erum það sem við gerum“



**Þórir Stephensen,**
fyrrverandi dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

**Hins vegar hlýt ég að þakka Guði fyrir þann innblástur sem hann gaf Guðmundi Andra í þessari hugleiðingu.**

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur skrifaði frábæra grein í Fréttablaðið 3. júlí sl. Fyrirsögnin var „Við berum það sem við gerum.“ Síðar í greininni kemur svo annað snjallyrði, sem ég hef gert að fyrirsögn hér: „Við erum það sem við gerum.“ Þarna ræðir hann mál lögmannsins Róberts Árna Hreiðarssonar, sem nýlega hefur hlotið „uppreisn æru“ eftir afleit mál, sem allir þekkja í dag.

Ég ætla ekki að endurtaka neitt af málflutningi Guðmundar Andra. Greinin er enn á vísir.is og ég skora á blaðið að láta hana standa þar enn um sinn, svo menn getið lesið þennan þarfa boðskap. Ég skora svo ekki síður á alla, sem láta sig framtíð manns og heims einhverju skipta, að lesa greinina vel. Málflutningur skáldsins er, að mínum dómi, fullkomlega í samræmi við þá siðfræði sem lúthersk kirkja boðar. Ég á ekki von á því, að aðrir hefðu gert þessu máli betri skil, a.m.k. ekki ég. Hins vegar hlýt ég að þakka Guði fyrir þann innblástur sem hann gaf Guðmundi Andra í þessari hugleiðingu.

Að lokum langar mig að vekja enn frekari athygli á snjallyrðunum tveimur, sem hann gefur þarna íslensku máli, menningu og hugsun. „Við erum það sem við gerum.“ „Við berum það sem við gerum.“ Þetta eru gullkorn, sem hljóta að verða að „klassík“ ekki síður en margar þekktar tilvitnanir í verk hinna vænstu manna fyrr og síðar, sumar umvafðar glæsileik hinnar latnesku tungu. Ég skil ekki þann prédikara, sem ekki nýtir sér fljótlega þær gersemar, sem okkur hafa nú verið gefnar. Kannski sannast það þá á honum, að við mennirnir erum einnig það sem við gerum ekki.

# Ábyrgð ferðamanna, ábyrgð okkar allra



**Inga Hlín Pálsdóttir**
Íslandsstofu

**Við trúum því að ferðamenn sem komi til Íslands vilji ferðast með ábyrgum hætti en viti oft ekki hvað það felur í sér.**

Ábyrgð okkar sem sinnum markaðssetningu í ferðaþjónustu er mikil. Við kynnum landið okkar, fræðum og upplýsum ferðamenn sem eru á leið – eða eru komnir – til landsins, og kveikjum áhuga hjá þeim sem kannski hafa aldrei látið sér detta í hug að koma hingað.

Það er mikilvægt að það kynningar- og markaðsefni sem við bjóðum upp á endurspegli þessa ábyrgð. Við þurfum að gæta þess að allar upplýsingar sem við veitum séu réttar og í samræmi við lög og reglur í landinu. Það eru ekki bara textar sem þurfa að vera réttir heldur þurfa myndir að lúta sömu kröfu. Myndir af fólki á klettanöf, veltandi um í mosa, á ísjökum, bílar utan vega og fólk standandi á steinum í beljandi ám eru dæmi um myndir sem eru ekki til þess fallnar að kynna landið með ábyrgum hætti. Þetta á jafnt við kynningar- og markaðsefni fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem og allar auglýsingar sem við sjáum hvar sem er í fréttablöðum, samfélagsmiðlum eða auglýsingum vítt og breitt um landið s.s. frá bönkum, bensínstöðvum, bílaumboðum, verslunum og mörgum fleirum.

Í júní hófst sumarherferð markaðsátaksins Inspired by Iceland. Að því standa Íslandsstofa, í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Icelandair, og Samtök ferðaþjónustunnar sem eru fulltrúi fjölmargra leiðandi fyrirtækja úr ferðaþjónustunni. Aðaláhersla herferðarinnar er að hvetja ferðamenn til að ferðast um landið með ábyrgum hætti. Það er gert með því að samþykkja loforð sem kallast „The Icelandic Pledge“ á vef Inspired by Iceland.

Loforðið nær til átta atriða sem stuðla að ábyrgri ferðahegðun, svo sem að virða náttúruna og skilja við hana eins og komið var að henni, að keyra ekki utan vega, að koma sér ekki í hættulegar aðstæður við að taka myndir, að tjalda á viðeigandi tjaldsvæðum sem og að vera vel útbúinn á ferðalagi um Ísland í öllum veðrum. Við teljum að með þessari sumarherferð sé hægt að hafa jákvæð áhrif á hegðun ferðamanna á ferðum þeirra um landið.

Við trúum því að ferðamenn sem komi til Íslands vilji ferðast með ábyrgum hætti en viti oft ekki hvað það felur í sér. Ánægðir og vel upplýstir ferðamenn hafa jákvæð áhrif á orðspor og ímynd landsins til lengri tíma. Misvísandi skilaboð og upplýsingar um lög og reglur munu ekki skapa ánægju eða jákvæða upplifun af landi og þjóð.

Ísland er fyrsta landið sem býður gestum sínum að lofa því að ferðast um landið á ábyrgan og öruggan hátt og að ganga vel um náttúru landsins. Í dag hafa yfir 20.000 manns samþykkt loforðið á vef inspiredbyiceland.com frá yfir 100 löndum. Fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi hafa tekið mjög vel í herferðina og deilt henni og nýtt í sinni markaðssetningu.

Við öll, Íslendingar og fyrirtæki, getum tekið þátt í þessu verkefni með því að hvetja ferðamenn til þess að samþykkja loforðið með því að samþykkja það sjálf og deila því á samfélagsmiðlum. Við Íslendingar getum líka tileinkað okkur loforðið í ferðum okkar um landið. Við skorum einnig á fyrirtæki að skoða eigið markaðs- og kynningarefni og athuga hvort eitthvað þar megi betur fara. Því oft á tíðum gera (ferða)menn það sem fyrir þeim er haft.





Landsliðsstelpurnar okkar voru mjög hressar á æfingu í Rotterdam í gær og virðast vera búnar að vinna sig út úr vonbrigðum laugardagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/TOM

# Njóta síðustu stundanna á EM

Stelpurnar okkar mæta Austurríki í kvöld í lokaleik sínum á Evrópumótinu 2017. Sama hvað gerist í Kastalanum í Rotterdam – íslenska liðið er á heimleið. Stelpurnar ætla sér sigur og að yfirgefa Holland með stolti.

UEFA WOMEN'S EURO 2017 THE NETHERLANDS

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

**FÓTBOLTI** „Að vera á stórmóti er ekki eitthvað sem gerist á hverjum degi og maður á að njóta þess. Það eru gríðarleg forréttindi að taka þátt í svona stórmóti og því eigum við bara að njóta síðustu daganna.“

Þetta voru lokaorð landsliðsfyrirliðans Söru Bjarkar Gunnarsdóttur á blaðamannafundi íslenska liðsins í Kastalanum í Rotterdam í gær en á þeim velli mæta stelpurnar okkar Austurríki í lokaleik sínum á EM 2017 í fótbolta. Sama hvernig fer í kvöld er íslenska liðið á heimleið og því aðeins stoltið undir.

Fyrirliðinn komst vel að orði. Svekkelsið er auðvitað mikið enda var stefnan að sjálfsögðu sett á að komast upp úr riðlinum. Sá draumur dó í Doetinchem fyrir þremur dögum og nú er bara að komast yfir það og einbeita sér að síðasta leiknum. Það hefur reynst þrautinni þyngri viðurkennir Sara.

### Ætla sér sigur

„Dagurinn á eftir var erfiðastur þegar maður áttaði sig á því að maður var að fara heim eftir mót. Við settum okkur háleit markmið en samt raunhæf finnst mér. Þetta er búið að vera erfitt en við viljum enda þetta mót á sigri og við stelpurnar erum strax byrjaðar að peppa hver aðra upp. Það er komin meiri gleði og við erum byrjum byrjaðar að styðja meira hver við aðra. Við ætlum okkur að vera tilbúnar á morgun og ætlum að vinna,“ segir Sara Björk.

> **Við settum okkur háleit markmið en samt raunhæf finnst mér. Þetta er búið að vera erfitt en við viljum enda þetta mót á sigri og við stelpurnar erum strax byrjaðar að peppa hver aðra upp.**
>
> Sara Björk Gunnarsdóttir fyrirliði

Hún fékk högg í leiknum á móti Sviss og virtist um tíma vera á leið út af en harkaði það af sér og kláraði leikinn. Sara ætlar að leiða íslenska liðið í síðasta sinn út á völlinn á morgun og þó aðeins stoltið sé undir fyrir stelpurnar er það meira en nóg fyrir þær. Þær eru stoltar og vilja gera þjóðina stolta af þeim.

„Andlega standið er, ef ég tala fyrir sjálfa mig, bara fínt. Ég er tilbúin í leikinn á morgun. Þetta er búið að vera erfitt eftir töpin en við viljum ganga frá þessu móti stoltar og með sigur, það er alveg á hreinu. Við munum gera okkar besta á morgun og skilja allt eftir á vellinum,“ segir Sara Björk sem hefur verið í meðhöndlun undanfarna daga.

„Mér líður bara vel. Ég er búin að vera í góðum höndum hjá okkar frábæru sjúkraþjálfurum og er bara í standi en er tilbúin í leikinn. Ég fékk nokkur högg á móti Sviss en það er búið að hlúa vel að mér þannig að mér líður bara vel.“

### Hversu mikil orka?

Freyr Alexandersson mun væntanlega gera einhverjar breytingar á byrjunarliðinu þrátt fyrir að stefnan sé að vinna leikinn á morgun. Stelpurnar æfðu eftir blaðamannafundinn í gær klukkan korter í sex að staðartíma og þá var enn ekki ljóst hvaða ellefu ganga út á völlinn í kvöld.



Freyr Alexandersson og Dagný Brynjarsdóttir voru létt á brún á æfingu í gær. Stelpurnar ætla að fara heim með sigur. FRÉTTABLAÐIÐ/TOM

„Það er ekki búið að tilkynna byrjunarliðið og ekki heldur búið að ákveða það þannig að það er smá púsluspil. Bæði út frá líkamlegu ástandi og hvernig leikmenn eru stemmdir og hvernig andlegt ástand er á þeim. Við sjáum það endanlega á þeim eftir æfinguna,“ segir Freyr en leikmenn hafa lagt mikið á sig og endurheimtin því erfið.

„Eins og við sáum með Sif Atladóttur þá kláraði hún allar orkubirgðir líkamans á síðustu andartökum leiksins og fékk einnig högg á lærið. Sjúkrateymið er búið að vinna kraftaverk síðustu daga. Allir leikmenn eru leikfærir. Svo er bara spurning hversu mikið er eftir af orku í vöðunum og þá hefur andlegt ástand mikið að segja. Hversu ferskur þú ert í höfðinu til að ná í þá orku sem er til staðar,“ segir Freyr Alexandersson.

Þarftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann
elja
Starfsmannaþjónusta
Láttu okkur ráða
Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

## EM 2017

### Ofdekraðar á EM

Ingibjörg Sigurðardóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir mættu á blaðamannafundinn í gær og þar töluðu þær um hvað hefur verið skemmtilegt á EM þrátt fyrir að báðir leikirnir hafi tapast. „Hótellífið er bara geggjað. Maður þarf ekki að þrífa neitt eftir sig,“ sagði Ingibjörg og fékk alla blaðamennina til að hlæja. „Við erum alveg ofdekraðar að vera með þessu liði. Gugga er alltaf að valda einhverjum usla í hópnum. Kaffiklúbburinn, maður mun sakna hans. Mest mun ég sakna að vera með hópnum og auðvitað þess að vera á stórmóti.“ Sara Björk.



**EM 2017 í Hollandi**

UEFA WOMEN'S EURO 2017

### B-riðill

**Svíþjóð - Ítalía 2-3**
0-1 Daniela Sabatino (4.), 1-1 Lotta Schelin, víti (14.), 1-2 Sabatino (37.), 2-2 Stina Blackstenius (47.), 2-3 Cristiana Girelli (85.)

**Rússland - Þýskaland 0-2**
0-1 Peter, víti (10.), 0-2 Marozsan, víti (56.).

**Lokastaðan í B-riðlinum:** Þýskaland 7, Svíþjóð 4, Rússland 3, Ítalía 3.

### Í dag er spilað í C-riðli

**18.45 Ísland - Austurr. Rotterdam**
**18.45 Sviss - Frakkland Breda**

### Pepsi-deild karla

**Víkingur Ó. - Valur 1-2**
0-1 Guðjón Pétur Lýðsson (24.), 1-1 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (38.), 1-2 Patrick Pedersen (49.).

**Staðan í Pepsi-deild karla**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Valur | 12 | 8 | 3 | 1 | 19 - | 10 | 27 |
| Stjarnan | 12 | 6 | 3 | 3 | 27 - | 15 | 21 |
| Grindavík | 12 | 6 | 3 | 3 | 16 - | 20 | 21 |
| FH | 12 | 5 | 5 | 2 | 21 - | 15 | 20 |
| KA | 12 | 4 | 3 | 5 | 25 - | 21 | 15 |
| Fjölnir | 11 | 4 | 3 | 4 | 14 - | 14 | 15 |
| Breiðablik | 12 | 4 | 3 | 5 | 18 - | 20 | 15 |
| Víkingur R. | 12 | 4 | 3 | 5 | 16 - | 18 | 15 |
| KR | 11 | 4 | 2 | 5 | 16 - | 17 | 14 |
| Víkingur Ó. | 12 | 4 | 1 | 7 | 13 - | 20 | 13 |
| ÍBV | 12 | 3 | 2 | 7 | 15 - | 25 | 11 |
| ÍA | 12 | 2 | 3 | 7 | 19 - | 24 | 9 |

**ÍSLAND - SLÓVENÍA TAKA TVÖ**
FH-ingar spila í kvöld fyrri leikinn sinn á móti slóvenska liðinu NK Maribor í 3. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar en leikurinn er klukkan 18.20 á íslenskum tíma á heimvelli slóvenska liðsins. Seinni leikurinn er í Kaplakrika í næstu viku. Í boði er sæti í umspilsleikjum um laust sæti í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. FH fær tækifæri til að gera betur en Valur sem datt einmitt út fyrir slóvensku liði í Evrópudeildinni í síðustu viku.

## Í dag

**23.30 Barcelona - Man. Utd** Sport
**01.00 PSG - Juventus** Sport 2
**03.30 Man. City - Real Mad.** Sport




# AFMÆLISTILBOÐ




**BEN & JERRY´S**
ALLAR TEG.
**499** KR. PK.
500ml

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ.**

Iceland

*Tilboð gilda í öllum Iceland verslunum í júlí

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

26. JÚLÍ 2017 MIÐVIKUDAGUR

## Merkisatburðir

**1896** Suðurlandsskjálfti (hinn fyrsti). Fjöldi bæja í Rangárvallasýslu hrynur til grunna. Styrkur skjálftans er áætlaður 6,9 stig. Síðari stóri skjálfti verður 5. september.

**1929** Vélbáturinn Gotta kemur til Reykjavíkur úr leiðangri til Grænlands. Með í för eru fimm sauðnautskálfar sem fyrst eru geymdir á Austurvelli en fara síðar í Gunnarsholt þar sem þeir týna tölunni.

**1979** Snorrahátíð. Átta alda afmælis Snorra Sturlusonar er minnst með hátíð í Reykholti.




**Reykjavíkurmaraþonið hefur stækkað mikið síðan það var sett á laggirnar fyrst árið 1984.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**1984** Keppt er í Reykjavíkurmaraþoni, alþjóðlegu maraþonhlaupi, í fyrsta sinn. Þáttakendur eru 214 en tíu árum síðar eru þeir á fjórða þúsund.

**1991** Ísland tekur formlega upp stjórnarmálasamband við Eistland, Lettland og Litháen, fyrst allra ríkja.



**Andrea Maack á stórafmæli í dag og ætlar í tilefni þess að skála í kampavíni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Er spennt fyrir ferðalaginu inn í næsta áratug

**Myndlistarkonan Andrea Maack fagnar stórafmæli í dag en hún er fjörutíu ára og ætlar að skála í kampavíni í tilefni dagsins. Hún segir seinustu tíu ár hafa kennt sér mikið og er spennt fyrir að sigla inn í næsta áratug og sjá hvað hann hefur upp á að bjóða.**

Þetta leggst vel í mig, það er gaman að þessu," segir myndlistarkonan Andrea Maack aðspurð hvernig fertugsafmælið leggst í hana.

Andrea ætlar ekki að halda stóra veislu í tilefni afmælisins. „Nei, ég ætla að skála í kampavíni og kavíar með vinum og fjölskyldu. Það er sérkennilegt að eiga afmæli um sumar. Fólk er mikið í burtu, erlendis eða úti á landi. Ef maður ætlaði að halda eitthvað þá þyrfti maður að plana afmælið langt fram í tímann og ég skipulegg yfirleitt allt með mjög stuttum fyrirvara. Eins og amma benti einhvern tímann á: ef maður á afmæli í lok mánaðar þá eru allir búnir að gefa afmælisgjafirnar sínar," segir hún og hlær.

Andrea hefur sjaldan haldið stórar veislur í tilefni afmæla sinna. „Ég man eiginlega ekki eftir að hafa gert það. Þannig að það er ekki hægt að segja að ég sé mikil afmælisveislutýpa. En mér þykir samt sem áður gaman að vera afmælisbarn. Ég er ljón í stjörnumerki og ljónin elska að fá athygli þó að við viðurkennum það ekki. Ljónin láta líka ljós sitt skína á sumrin, þetta er okkar tími."

En er hún búin að óska sér einhvers í afmælisgjöf? „Nei, ég er frekar lítil gjafamanneskja. Síðasti áratugur hefur kennt mér mikið upp á það að gera. Ég finn litla tengingu við veraldlega hluti og bið frekar um eitthvað persónulegt frá fólki. Frænkur mínar eru til dæmis listrænar og eru alltaf að skapa þannig að ég vel frekar persónulegar gjafir sem ekki er hægt að kaupa úti í búð og hafa persónulega merkingu eða sögu."

> **Í kringum þrítugt spáði ég miklu meira í veraldlega hluti, en í dag skipta þeir mig ótrúlega litlu máli.**

„Þetta hefur einmitt breyst mikið hjá mér síðasta áratuginn. Í kringum þrítugt spáði ég miklu meira í veraldlega hluti, en í dag skipta þeir mig ótrúlega litlu máli. Með tímanum lærir maður að meta aðra hluti og þakka fyrir þá, eins og til dæmis fólkið í kringum mann.

Spurð út í hvort hún hafi almennt breyst mikið í gegnum árin svarar Andrea játandi. „Já, og ég held að síðustu tíu ár hafi verið ákveðin upphitun og skóli fyrir það sem er fram undan. Ég lifi frekar óheftbundnu lífi, tek áhættu og hef nýtt síðustu misseri til að gera allt sem mig hefur alltaf dreymt um að gera eins og til dæmis að ferðast út um allt og stofna eigið fyrirtæki," útskýrir Andrea sem er spennt fyrir því sem er fram undan.

„Ég er mjög spennt fyrir ferðalaginu inn í næsta áratug. Og eins og ég segi þá vil ég ekki hafa hlutina allt of skorðaða, þannig að það verður gaman að sjá hvað gerist á næstu árum. Þó að ég reikni með að festa aðeins fleiri rætur en ég gerði á þeim síðasta."

Andrea hefur á síðustu árum haft í nógu að snúast í kringum ilmvatnsfyrirtæki sitt og búið töluvert erlendis. „Ég er bæði myndlistarmaður og ilmhönnuður og þetta hefur tekið yfir hjá mér á síðustu fimm árum. Þetta hefur verið mikil vinna en ótrúlega gaman. Fyrirtækið hefur verið að stækka og breytast og ég hef ferðast mikið vegna vinnunnar. En það er gaman að vera komin meira heim aftur."

Aðspurð hvort hún sé flutt aftur til Íslands fyrir fullt og allt segir Andrea: „Það verður að koma í ljós, en það er gaman að vera hérna heima og sjá hvað er að gerast á Íslandi, og einnig að verja meiri tíma með fjöskyldunni og ferðast um landið. Það er mikil orka í gangi hér. En framtíðin óráðin." **gudnyhronn@365.is**

---



✝

Ástkær sonur minn, faðir okkar og afi,

**Þorsteinn Hermannsson**
húsgagnasmíðameistari,

fæddur þann 29. janúar 1952, lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 21. júlí 2017. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. júlí 2017 kl. 13.

**Guðbjörg Guðbrandsdóttir, Elínborg Þorsteinsdóttir, Gunnar Þorsteinsson og Gunnar Ylur Eiríksson**

---



✝

Elsku pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

**Ingólfur Sigurðsson**
Mýrarvegi 113, Akureyri,

andaðist 17. júlí sl. Útförin fer fram fimmtudaginn 3. ágúst frá Akureyrarkirkju kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Elínborg Ingólfsdóttir** — **Magnús Þórðarson**
**Magnús Ingólfsson** — **Sólveig Erlendsdóttir**
**Ragnhildur Ingólfsdóttir** — **Samúel Jóhannsson**
**Þórdís Ingólfsdóttir**
**Sölvi Ingólfsson** — **Guðrún Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Júlíönu Hinriksdóttur**
hjúkrunarkonu,
Rauðumýri 3, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimaþjónustu Akureyrarbæjar og Heimahlynningar á Akureyri fyrir ómetanlega hjálp og stuðning síðustu ár. Starfsfólki Furuhlíðar eru færðar bestu þakkir fyrir góða umönnun.

**Sigurður Hinrik Hjörleifsson** — **Sjöfn Ragnarsdóttir**
**Elísabet Hjörleifsdóttir** — **Guðmundur H. Frímannss.**
**Hjörleifur Árnason** — **Þórhalla Sigurðardóttir**
**Kristján Sigurðsson** — **Sandra Dögg Pálsdóttir**
**Lárus Arnór Guðmundsson** — **Þóra Sif Ólafsdóttir**
**Jóhann Guðmundsson** — **Ástríður Halldórsdóttir**
**Valgerður Guðmundsdóttir** — **Karl Reynisson**
**og langömmubörn.**

---



✝

Eiginmaður minn, pabbi, tengdapabbi, afi og langafi,

**Svavar Björnsson**

lést á Vífilsstöðum föstudaginn 21. júlí. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 31. júlí klukkan 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut.

**Ásrún Snædal**
**Gígja, Egill og Svavar, Sjöfn og Daníel, Þóra Björg, Páll Júníus og Þórarinn Gígjar**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sólveig Tryggvadóttir**
Tryggvastöðum,
Lindarbraut 27, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 22. júlí 2017. Útför hennar fer fram frá Neskirkju við Hagatorg föstudaginn 28. júlí kl. 11.

**Steinunn Ásta Guðmundsd.** — **Daníel Ingi Haraldsson**
**Tryggvi Guðmundsson** — **Svava Kristín Þorkelsdóttir**
**Hjálmur Þ. Guðmundsson** — **Rósbjörg Sigríður Þórðard.**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Fólk

Baðherbergi

MIÐVIKUDAGUR 26. JÚLÍ 2017



**Munstraðar flísar og gyllt blöndunartæki njóta vinsælda.**

bls ➜8

GROHE

BYKO




# Allt fyrir baðið á einum stað

BYKO hefur í áratugi selt allt fyrir baðið. Þar fæst allt frá innréttingum og tækjum yfir í gólfefni og ljós ásamt öllum þeim verkfærum sem til þarf. ➜2

Kristján segir starfsfólk BYKO leggja sig fram við að veita bestu mögulegu þjónustu. MYND/STEFÁN



Í BYKO fást innréttingar í miklu úrvali.



Opnar sturtur með sturtuþili og niðurfalli í gólfi eru að sögn Kristjáns vinsælar núna.



Hægt er að nálgast gólfefni, ljós og annað sem til þarf.



Í versluninni starfar hönnuður sem fylgist með stefnum og straumum.

Við í Hólf og gólf bjóðum upp á heildarlausnir. Fólk þarf því aðeins að fara á einn stað til að klára innkaupin. Þá er ekki aðeins átt við innréttingar og tæki heldur líka allar tengingar með blöndunartækjunum, límið og fúguna. Sömuleiðis flísar og öll þau verkfæri sem þarf til að setja upp innréttingar, handklæðasnaga og annað," segir Kristján Birgisson, sölumaður í Hólf og gólf. Hann segir BYKO vera með mörg flottustu vörumerkin á markaðnum. „Má þar nefna Grohe blöndunartæki, Villeroy & Boch, Duravit og Gustavsbergs hreinlætistæki. Sömuleiðis sturtuniðurföll frá Dalmer, baðkör og sturtubotna frá Glass, Sanplast og Bette. „Þá erum við með innréttingar frá Salgar og erum að fara að bæta við nýjum og mjög spennandi birgjum fljótlega," segir Kristján.

Hann segir Grohe einn af virtustu blöndunartækjaframleiðendum í heimi. „Þar er stöðugt verið að bæta við úrvalið og koma fram með nýjungar og eigum við von á glæsilegri nýrri línu á næstunni. Hún heitir Grohe Essence og kemur í tíu litum."

Í BYKO er líka boðið upp á hinar ýmsu sturtulausnir. „Við erum bæði með heila klefa og horn og liggjum með margar lausnir á lager auk þess sem við getum sérpantað fleiri." Kristján segir opnar sturtur með sturtuþili og niðurfalli í gólf vinsælar í dag en þá er ekki um að ræða botn eða hliðar. Hann segir BYKO bjóða gott úrval af niðurföllum og rennum í gólf frá nokkrum vönduðum aðilum.

„Þá erum við með mikið úrval flísa sem henta alls staðar og erum með hönnuð í því að halda í við flottustu flísarnar, stefnur og strauma hverju sinni. Eins erum við með veggplötur frá Selkie í mörgum litum. Þær henta á alla veggi og má nota í votrými eins og inni í sturtu."

Í BYKO fást líka hin ýmsu gólfefni. Þar á meðal harðparket og vínilkorkparket sem hvort tveggja má vera á baðherbergi. Það er því ekki ofsögum sagt að þar fæst allt á einum stað. Kristján segir BYKO búa að vönduðu starfsfólki sem veitir bestu fáanlegu ráðgjöf og þjónustu við val á vörum fyrir hvaða baðherbergi sem er.





Kristján segir stöðugt bætt við úrvalið.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 80cm.** 29.544




**Laus svunta**

**Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**
**Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**
**Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**




**Verðdæmi 80x80 cm.** 35.100




**Verðdæmi 80x80 cm.** 30.500




**Verðdæmi 80x80 cm.** 30.500




**Verðdæmi 80x80 cm** 29.600




**Verðdæmi 70 cm.** 24.880

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað í sumar
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**
*- fyrir þitt heimili*



Þórhildur límdi blúndudúk í gluggann.



„Þetta var mikið verk en tók þó ekki langan tíma.“



Þórhildur valdi parketflísar á gólfið.





Gott skipulag komið á útifötin í forstofunni.

# Ruslakompu breytt í baðherbergi

**Þórhildur Hjaltadóttir fékk nóg af því að taka til í ruslakompunni og breytti henni í baðherbergi.**

Í gamla daga hefði þetta kallast köld kompa eða búr, inn af þvottahúsinu. Maður fleygði öllu þarna inn og var alltaf að taka til en það sást aldrei. Mér fannst vanta annað baðherbergi í húsið og var þar að auki orðin hundleið á þessari ruslakompu,“ segir Þórhildur Hjaltadóttir, snyrtifræðingur og hjúkrunarnemi, en hún og eiginmaðurinn, Sigurður Ingi Sigurðarson múrari breyttu vandræðageymslu í baðherbergi.

Rýmið er í kringum sjö fermetrar og komu Þórhildur og Sigurður fyrir sturtu með glerskilrúmi, handklæðaofni og klósetti. Verkefnið reyndist talsverð framkvæmd. Brjóta þurfti upp gólfið og leggja lagnir og segir Þórhildur verkið hafa undið upp á sig út í garð.

„Við notuðum tækifærið og söguðum gat út og settum svalahurð. Við vorum að skipta um jarðveg fyrir framan og erum búin að kaupa pott. Mig langaði alltaf í heitan pott en fannst ekki spennandi að fólk gengi blautt í gegnum allt húsið til að komast úr sturtu í pottinn. Nú er komið baðherbergi með svalahurð beint út, þótt potturinn fari kannski ekki strax niður. Þetta var mikið verk en tók þó ekki langan tíma. Maðurinn minn er múrari og „altmugligman“,“ segir Þórhildur. Lítið mál hafi verið að ákveða útlitið á baðherberginu.

„Ég sá um það. Ég fékk reyndar



Þórhildur Hjaltadóttir og Sigurður Ingi Sigurðarson fengu nóg af því að laga til í geymslunni og breyttu henni í baðherbergi. MYNDIR/ÞÓRHILDUR

aðeins að heyra að ég hefði ekki valið skemmtilegustu flísarnar til að leggja því þær eru örlítið kúptar. En þær koma hrikalega vel út. Keyptar í Álfaborg. Við völdum parketflísar á gólfin. Þær eru hrjúfar og því ekki sleipar að ganga á blautu. Í gluggann keypti ég filmu í Rúmfatalagernum og setti sjálf í. Fannst samt sjást of mikið í gegn og bætti við öðru lagi af filmu og límdi svo rósóttan vaxdúk yfir. Til skrauts hengdi ég svo alls konar dót á gardínustöng. Ég er virkilega ánægð með þetta og allt annað líf að vera komin með tvö baðherbergi. Nú þarf enginn að standa bankandi á hurðina,“ segir Þórhildur hlæjandi.

Er ekki missir að geymsluplássinu sem var í kompunni?

„Við erum reyndar með stóran bílskúr sem er mjög þægilegt, eiginlega of gott. Maður er fljótur að fylla geymsluplássið, sama hversu stórt það er og nú er ég alltaf að taka til í bílskúrnum. Næsta mál er að skipuleggja þvottahúsið og koma böndum á útiföt krakkanna. Ég keypti skókassa í IKEA undir útifötin í forstofuna og nú er hver með sitt hólf.“

Baðframkvæmdirnar eru fyrstu breytingarnar sem Þórhildur og Sigurður gera á húsinu en þau keyptu það fyrir fimm árum. „Þetta er gamalt hús en það er ágætt að ana ekki út í neitt heldur kynnast húsinu og finna smám saman hvað mann langar að gera.“



Hvítar kúptar flísarnar taka sig vel út.

## Fatageymsla og flóafæla





Vatnssalernið var fundið upp árið 1596 en komst ekki í almenna notkun fyrr en 1851. Fram að því fólst „klósettmenningin“ í hrörlegum útihúsum, koppum undir rúmi og holum í jörðinni. Á elleftu öld reið yfir mikið byggingarskeið kastala og þar voru byggð herbergi inn af vistarverum húsráðenda þar sem hægt var að setjast yfir hringlaga op og losa sig við það sem þurfti án þess að huga meira að því. Þessi frumbaðherbergi voru þekkt sem „garderobe“ sem þýðir orðrétt „fatagæsla“ og getur þýtt skápur eða staður þar sem fólk geymir fötin sín. Það var líka afbragðsráð að hengja loðfeldi og önnur bosmamikil föt inn í klósettrýmið þar sem lyktin, og gufurnar sem réðu þar ríkjum, reyndist banvæn fyrir flær og annan ófögnuð sem vildi setjast í fatnað.



## Vissir þú að ...

Vinsælustu baðherbergislitirnir eru hvítur, ljósgrár, sjávargrænn og ljósblár. Annað má segja um svartan, brúnan, appelsínugulan og grænan. Þeir eru sjaldnast teknir á baðið.

- Sé fólk spurt hvaða lúxus það myndi vilja á baðið nefna flestir sjónvarp. Þá þykir eftirsóknarvert að vera með hita í gólfi, dimmer og arin.
- Þú notar umtalsvert meira vatn í sturtu en baði. Að jafnaði fara 80 lítrar í eitt baðkar en 136 í sturtuferð.
- Það eru 35 baðherbergi í Hvíta húsinu.
- Karlmenn eyða að meðaltali 2,4 mínútum lengri tíma á klósettinu en konur. Þeir taka sér að jafnaði 9,7 mínútur í hverja klósettferð en konur 7,3 mínútur.
- Konur eru lengur í sturtu en karlar. Samkvæmt ástralskri rannsókn orkufyrirtækisins Energy Australia eru þær að jafnaði í 7,27 mínútur í hverri sturtuferð en karlar verja 6,99 mínútum í sturtu. Um helgar lengist sturta kvennanna í 8,08 mínútur og karlasturtan í 7,34.



## Gerðu baðið vistlegra

Þegar búið er að innrétta nýtt bað eða lappa upp á það gamla, nú eða bara að þrífa það hátt og lágt er fátt skemmtilegra en að skreyta og gera fínt. Flestir eyða drjúgum tíma á baðinu og því um að gera að reyna að hafa það sem huggulegast.

- Prófaðu að rúlla upp handklæðum og þvottastykkjum til að hafa við höndina uppi við sturtuna eða baðið. Eða við hlið baðvasksins ef það er pláss. Það gefur lúxustilfinningu.
- Fjárfestu í ilmandi handáburði eða kremi í fallegri pumpu til að þú og gestir þínir geti frískað upp á hendur og kropp.
- Prófaðu ilmstrá. Þau gefa jafna og góða lykt.
- Ilmkerti standa líka alltaf fyrir sínu og fara vel með froðubaðinu.
- Fáðu þér plöntur á baðið. Hvort sem þær eru gervi eða ekta verður baðið umsvifalaust vistlegra.






# Glæsilegt úrval af gæðaflísum

**Harðviðarval ehf. á Krókhálsi 4 er sennilega þekktast fyrir harðparket og hágæðagólfefni en nú hefur þetta rótgróna fjölskyldufyrirtæki bætt í safnið og tryggt sér sölu og dreifingu á Marazzi flísunum frá Ítalíu sem nú má skoða í glæsilegum nýjum sýningarsalarkynnum.**

Við erum búin standa í gríðarlega miklum breytingum á sýningarsalnum okkar og erum komin með einn glæsilegasta flísasýningarsal landsins,“ segir Einar Andri Einarsson rekstrarstjóri Harðviðarvals og bætir við: „Við höfum tryggt okkur umboð fyrir Marazzi flísaframleiðandann sem er einn stærsti flísaframleiðandi í heimi og bjóðum við því allar mögulegar tegundir af flísum, hvort sem kemur að marmaraflísum, parketflísum, steinsteypuútlitsflísum og fleiri.“ Hann segir áhrifin af þessum breytingum merkjanleg í viðskiptum. „Það sem ber hæst er gríðarleg aukning í sölu hjá okkur og fólk kann greinilega að meta úrvalið, gæði vörunnar og þessar breytingar sem við höfum verið að gera.“

Aðspurður hvað fólk sé helst að velja segir hann að stórar flísar séu mikið áberandi. „Fólk er að færa sig úr þessum klassísku 30x60 flísum og yfir í þessar stærri tegundir, 60x60, 90x90 og 60x120.“ Hann segir ekki miklar tískusveiflur þegar kemur að flísavali. „Þar sem flísar eru lagðar til lengri tíma þá hafa þetta verið mjög svipaðir litir undanfarin ár sem eru vinsælir, þessir gráu og grábrúnu tónar. Þó hefur borið á aukningu í sölu á parketflísum og marmaraflísum og þá einmitt í þessum stærri stærðum.“

## Ekki spara of mikið

Harðviðarval hefur lengi verið þekkt fyrir parket en Einar segir að baðherbergið sé rými þar sem flísar hafa sannað sig á gólf og veggi. „Við höfum alltaf verið með flísar, en nú hefur sýningarsalurinn verið innréttaður af Marazzi og er orðinn það stór að það ættu allir að geta fundið flísar við sitt hæfi enda erum við með úrval sem stenst kröfur stærsta flísaframleiðanda í heimi.“ Hann segir einnig að Marazzi flísarnar séu í hæsta gæðaflokki. „Það er ekki að ástæðulausu að við völdum Marazzi og þeir okkur, því það er mikill munur á þeim og flestum öðrum flísum. Þær eru framleiddar í verksmiðjum á Ítalíu og Spáni sem eru undir ströngu gæðaeftirliti, en það minnkar líkur á gæðavandamálum, t.d. að flísarnar séu undnar eða kúptar. Áferðin er sérstaklega mikilvæg og þar hefur Marazzi lagt mikla áherslu á að notandinn fái áferð sem auðvelt er að umgangast í þrifum og viðhaldi. Það þýðir ekki að horfa bara á verðmiðann því flísar eiga jú að endast, vera þægilegar í notkun og standast tímans tönn. Það er einmitt mikilvægt að átta sig á að kostnaður við flísar sem hluti af heildarkostnaði baðherbergis er ekki hár og því getur reynst dýrmætt að spara ekki of mikið þegar fjárfesta skal í flísum.“

Harðviðarval selur ekki bara flísarnar sjálfar heldur er hægt að fá allt sem viðkemur þeim líka, fúgu, flísalím, grunn, kítti og svo framvegis. Öll fylgiefnin koma frá Kiesel í Þýskalandi, því að grunnurinn verður að vera í samræmi við gæði flísanna. Kiesel er með virtustu fyrirtækjum á sínu sviði, fjölskyldufyrirtæki með áratuga reynslu.




Einar Andri Einarsson er rekstrarstjóri Harðviðarvals sem nýverið fékk umboð fyrir hinar heimsþekktu Marazzi flísar.



Stórar gráar og grábrúnar flísar eru mjög vinsælar á íslenskum heimilum



Fólk er orðið kaldara að blanda saman einlitum flísum og mynstruðum til að fá einstakt yfirbragð á baðið.



Glæsilegasti flísasýningarsalur landsins er hjá Harðviðarvali.

## Allar stærðir og gerðir af flísum

„Það er hægt að fá marokkómynstur, mósaíkflísar, matta áferð, þrívídd og rifflaða áferð. Fólk á að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“ Einari finnst fólk vera að verða aðeins kaldara þegar kemur að flísavali upp á síðkastið. „Það er þessi fína lína að fara kannski í gráa og grábrúna tóna en brjóta það svo upp með mósaík eða einhverju sem gefur lífinu aðeins meiri lit. Sjálfur er ég með grátt gólf og hvíta veggi á mínu baðherbergi en ef ég væri að flísaleggja núna myndi ég vera aðeins djarfari.“

Einar bendir á mikilvægi þess að fá ráðgjöf frá hönnuði eða arkitekt þegar kemur að því að gera upp baðherbergið. „Þegar einstaklingar ætla að fara í endurnýjun á baðherbergi sem kostar fleiri hundruð þúsund, jafnvel milljónir þá er nauðsynlegt að fá ráðgjöf frá sérfræðingum áður en hafist er handa. Mikilvægt er að láta teikna upp baðherbergið og vera með allar ákvarðanir á hreinu, það flýtir mikið fyrir og þá sérstaklega ef búið er að teikna upp flísarnar og staðsetningu helstu tækja. Þannig má fljótt sjá hvaða stærðir henta best hverju sinni og hvernig best er að leggja hverja stærð fyrir sig. Ef svo ber undir þá getum við auðveldlega hjálpað með fyrstu skrefin, lánað ókeypis sýnishorn af helstu stærðum og ráðlagt með litaval. Ætli við verðum ekki að teljast nokkuð sjóaðir þegar kemur að flísum.“


MARAZZI
FLÍSAR
Marazzi
Flísaframleiðandinn Marazzi er einn af stærstu flísaframleiðendum í heimi og leiða þeir tæknilega þróun á Ítalska flísamarkaðnum.
Vandaðu valið,
veldu Marazzi flísar.
STÆRÐIR 20mm.
75X150 RETT.
60X120 RETT.
30X120 RETT.
90X190 RETT.
60X60 RETT.
75X75 RETT.
60X60 RETT.
30X60 RETT.
50X100 RETT.
37,5X75 RETT.
15X15
21X18,2
7X28
VANDAÐU VALIÐ
HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4
110 Reykjavík
Sími 567 1010
www.parket.is
Opnunartímar: mán - fös kl. 9–18
og lau kl. 11–15

# Gylltir kranar og munstrað gólf

## Edda Rún Ragnarsdóttir, innanhúss- og húsgagnahönnuður, segir munstur og liti einkenna baðherbergi í dag.



Edda Rún Ragnarsdóttir hjá ERR design fer yfir baðherbergistiskuna.

Það er margt í boði varðandi flísar og dúka; litir, áferð og munstur og hægt að leika sér með útfærslu baðherbergisins að vild," segir Edda Rún Ragnarsdóttir, innanhúss- og húsgagnahönnuður. „Til dæmis er meiri fjölbreytni í blöndunartækjum en var, litir sem setja mun meiri svip á baðherbergið en silfruð og krómuð sem við erum vön. Í dag eru til dæmis gyllt blöndunartæki og svört afar vinsæl."

### Marokkó munstur

„Flísar eru algengar á veggi og gólf og þá eru hvítar flísar og beigelitaðar alltaf sígildar. Núna er þó mjög vinsælt að setja munstraðar flísar á gólfin eða upp einn vegg, oft marokkóskt munstur í gráum eða bláum tónum. Minni flísar eru einnig vinsælar og sexkantaðar flísar."

### Dúkar vinsælir

„Það er einnig algengt að dúkleggja baðherbergi í dag en það getur komið betur út fyrir veskið. Úrvalið af dúkum er mikið, bæði með skemmtilegum munstrum og áferð. Oft er nánast ekki hægt að sjá að um dúk sé að ræða."

### Ódýrar lausnir

Edda Rún segir baðherbergi og eldhús vera dýrustu rýmin í húsinu. Þegar fólk standi í íbúðakaupum ætti það til dæmis að horfa sérstaklega á ástandið á þeim herbergjum og gera ráð fyrir aukakostnaði ef komið er að endurnýjun. Þumalputtareglan segi að reikna megi með kostnaði upp á milljón þegar baðherbergið er tekið algerlega í gegn; flísar, tæki, innréttingar og vinna iðnaðarmanna.

En eigi að fríska upp á baðherbergi án þess að kosta miklu til sé þó ýmislegt til ráða.

„Einfaldast er að mála rýmið til að breyta um svip. Með réttum efnum má einnig mála yfir flísar og gerbreyta þannig herberginu. Stór spegill getur gert mikið fyrir lítil rými og svo er alltaf frískandi að setja plöntur inn á baðherbergið. Þá getur verið töluvert ódýrara að filma skápa en að sprautulakka þá."



Speglar gera mikið fyrir lítil rými.



Gyllt blöndunartæki eru vinsæl.



Veggur nýttur undir hillur í litlu rými.



Plöntur lífga mikið upp á.



Svört blöndunartæki setja svip.

# Handklæði eru híbýlaprýði

## Handklæði eru bráðnauðsynleg til að baðherbergi uppfylli þarfir eigenda sinna en þau geta líka gætt þetta oft hvítasta herbergi hússins lit og hlýju.

Baðherbergi eru oftast í hlutlausum litum og því er kjörið að hressa upp á þau með litríkum fylgihlutum og skrauti. Litrík og falleg handklæði eru kjörin í það hlutverk. Í stíl við handklæði í ýmsum litum er hægt að koma sér upp fylgihlutum eins og sturtuhengjum, tannburstaglösum og baðmottum í sama lit eða litblæ til að setja skemmtilegt yfirbragð á baðherbergið. Handklæði eru þó ekki bara til prýði heldur líka bráðnauðsynleg til að hægt sé að sinna þeim athöfnum sem á baðherbergjum ber að sinna. Sumir hugsa aldrei út í handklæðin sín, aðrir velja þau eingöngu út frá lit en svo eru til þeir sem pæla í handklæðum niður í smæstu smáatriði, út frá notagildi, þykkt, endingu og ýmsu fleiru.

Fyrst ber kannski að velta fyrir sér til hvers á að nota handklæðið? Það gefur auga leið að stór handklæði eru notuð til að þurrka líkama en minni handklæði eru fyrir hendur. En á handklæðið að búa á baðherberginu eða fara með í ræktina, í sund eða á strönd? Ef síðari kosturinn er tekinn skiptir þyngd og umfang töluverðu máli og eins vefnaður því lausofin og bosmamikil handklæði safna til dæmis mun frekar í sig sandi en þau sem eru þéttari í sér. Handklæðaframleiðendur nota mælieininguna GSM sem þýðir eiginlega grömm á fermetra og lýsir þyngd handklæðis í hlutfalli við flatarmál. Þung og lausofin handklæði fara yfirleitt verr í þvotti.

Það eru skiptar skoðanir um hversu oft á að þvo handklæði. Sumir vilja skipta um handklæði vikulega, aðrir eftir að þau hafa verið notuð þrisvar sinnum. Það er gott að eiga þrjá umganga til að geta skipt reglulega og þá getur verið gaman að hafa í mismunandi litum svo hægt sé að skipta um ásýnd á baðherberginu með reglulegu millibili. Ekki er mælt með að setja handklæði í þurrkara heldur talið betra að hengja þau til þerris, það bæði kemur í veg fyrir hnökra og slit og ef handklæðin eru þéttofin geta hengiþurrkuð handklæði boðið upp á hressilegt líkamsskrúbb.

Fyrir nokkrum áratugum voru handklæði nánast undantekningarlaust ofin úr bómull en á síðari árum hafa ýmiss konar efnablöndur bæst í þurrkunarhópinn. Þar má nefna örtrefjahandklæði sem taka mjög lítið pláss og eru því kjörin í ræktina og bambushandklæði ryðja sér einnig til rúms þó deilt sé um hversu umhverfisvæn þau séu. Þá er einnig hægt að fjárfesta í handklæðum úr lífrænni bómull enda finnst flestum einstaklega notalegt að hjúfra sig inn í mjúkt og hlýtt bómullarhandklæði þegar til stendur að láta sér líða vel.

Með góðri meðferð ættu vönduð handklæði að geta enst í tvö til fjögur ár.



Það er mikilvægt að þvo handklæði ýmist vikulega eða eftir að þau hafa verið notuð þrisvar sinnum.



Allir verða glaðir ef þeim er þurrkað með góðu handklæði.



Falleg handklæði gefa baðherberginu lit og gaman er að eiga ýmsa liti til að breyta til.

# Sterkir í baðherbergjum

**Ertu að hugsa um að endurnýja baðherbergið? Húsasmiðjan hefur allt sem þarf til verksins og býður spennandi úrval hreinlætis- og blöndunartækja.**

Húsasmiðjan hefur að undanförnu styrkt vöruúrval sitt markvisst í hreinlætistækjum, meðal annars með markaðssetningu á svissnesku postulínsvörunum frá Laufen, innbyggingakössum fyrir vatnssalerni frá þýska framleiðandanum MEPA og nú síðast Kludi-blöndunartækjum frá Þýskalandi. Allt hefur það þétt og aukið enn á ríkulegt vöruúrval okkar fyrir baðherbergi, ásamt fjölmörgum fleiri traustum og þekktum vörumerkjum, eins og til dæmis Damixa frá Danmörku,“ segir F. Gunnar Árnason, vörustjóri hjá Húsasmiðjunni.

### Fundu upp vegghengda salernið

Svissneska gæðamerkið Laufen hóf framleiðslu á hreinlætistækjum árið 1892 og hefur því verið á markaði í öld og aldarfjórðung.

„Ein merkasta uppfinning Laufen er trúlega vegghengda salernið sem fyrst var sett á markað árið 1964. Laufen er brautryðjandi á sviði hreinlætistækja og nú fremst í flokki á þróun Saphir Keramiki sem gefur möguleika á þunnum og fínlegum hliðum, í til dæmis handlaugum,“ útskýrir Gunnar.

Laufen leggur ríka áherslu á Skandinavíumarkað og spannar mikla breidd í útliti og verði.

„Frá Laufen bjóðum við tvær línur hreinlætistækja sem eru sérhönnuð fyrir Norðurlöndin. Það er Pro-N-línan og svo nýja Kompas-línan sem hönnuð er af danska arkitektinum Hee Wellings. Í henni eru öll salerni án skolrandar og fást bæði vegghengd og gólfstandandi.“

### Heildarlausnir frá A til Ö

Nýjasta merki Húsasmiðjunnar í hreinlætistækjum er þýski framleiðandinn Kludi. Fyrirtækið var stofnað árið 1926 og er þriðji stærsti framleiðandi blöndunartækja í Þýskalandi.

„Kludi er spennandi og traust merki og við bjóðum frá því ýmsar nýjungar. Þar má nefna Kludi Push-innbyggingartæki, Kludi Fizz-sturtuhausa og handsturtur með nýstárlegu útliti,“ upplýsir Gunnar um þýsku blöndunartækin frá Kludi.

„Þess má geta að falleg eldhúsblöndunartæki eru ein af aðaláherslum Kludi, sem og lituð tæki í hvítu og svörtu,“ segir Gunnar.

Húsasmiðjan býður flottar sturtulausnir fyrir viðhald og nýbyggingar.

„Sem dæmi má nefna sturtuniðurföll frá Alcaplast í ýmsum stærðum og gerðum, sturtuhliðar úr hertu gleri í nokkrum stærðum, og innbyggðar sem og utanáliggjandi sturtulausnir frá Kludi,“ segir Gunnar um ríkulegt úrval Húsasmiðjunnar.

„Húsasmiðjan býður heildarlausnir fyrir baðherbergi; allt frá lagnaefni, innbyggðum klósettkössum, baðkörum, sturtubotnum, sturtuklefum, flísum og fallegum lausnum í smærri innréttingum.“



F. Gunnar Árnason er vörustjóri hjá Húsasmiðjunni sem hefur allt til alls á baðið. MYND/VILHELM



Danski arkitektinn Hee Wellings á heiðurinn af nýju Kompas-línunni frá Laufen. Í henni eru öll salerni án skolrandar.



Nýju, þýsku blöndunartækin frá Kludi eru stílhrein og glæsileg og fást meðal annars í hvítu og svörtu.



Svissneski postulínsframleiðandinn Laufen er nýr valkostur í Húsasmiðjunni.



Laufen salerni fást fyrir veggi og gólf.






Auðunn Ingi Ragnarsson er sölumaður hjá Agli Árnasyni og með puttana á púlsinum þegar kemur að fallegum og dugandi lausnum. MYNDIR/ANDRI MARÍNÓ

# Náttúrulegt og fagurt yfirbragð

## Steypugráar, stórar flísar, grjóthleðsla, marmari og muretto eru það heitasta í tísku flísa á baðherbergi hjá Agli Árnasyni.

Við einsetjum okkur að vera eingöngu með fyrsta flokk af flísum; rétt skornar með gegnheilum eða samlitum botni," segir Auðunn Ingi Ragnarsson, sölumaður hjá Agli Árnasyni. Þangað er dásamlegt að koma til að gleðja augað, láta sig dreyma og velja sér flísar á baðherbergið í sýningarsalnum á Suðurlandsbraut 20.

„Í stórum flísum, sem nú eru hæst móðins, er vinsælt að hafa lítt áberandi fúgu en þá verða flísarnar að vera rétt skornar svo hægt sé að leggja þær þétt upp að hver annarri. Rétt skornar flísar bjóða upp á mjórri fúgu, eða allt að eins til tveggja millimetra þykka. Breiðari fúga er þó alls ekki úr tísku en hún passar illa með mjög stórum flísum," segir Auðunn.



Falleg munstur eru í tísku á baðgólf.

Auðunn segir mikilvægt að velja réttan hálkustuðul á gólfflísar baðherbergja.

„Flísum fylgir ákveðinn hálkustuðull og er stuðullinn R10 afbragðs góður fyrir baðherbergi. Í dag er orðið algengt að móta einhalla sturtubotna og þá hægt að setja stærri flísar í botninn. Séu flísarnar 60x60 sentimetrar þarf gripið að vera gott því enginn vill baða sig á hálum sturtubotni. Þá þurfa flísar í sturtubotni að vera aðeins hrjúfari yfirborðs og er sívinsælt að setja mósaíkflísar í sturtubotna því þétt fúgan á milli þeirra gefur meira grip."

Gegnheill botn flísa er annað sem Egill Árnason leggur upp með í glæsilegu úrvali postulínsflísa.

„Ef brotnaði upp úr postulínsflís hér áður fyrr kom leirlitur í gegn, en í dag er hægt að fá samlitan botn. Það þýðir að skaðinn verður minni ef brotnar upp úr flís því samlitur botn í broti ljósrar flísar verður minna áberandi."



Grjóthleðsla er það nýjasta til prýði á veggjum baðherbergja og gefur því náttúrulegan og heillandi ljóma.

### Grjóthleðsla er ný og vinsæl

Steypugrár er sá litur sem nú er hæst móðins í baðherbergjum, að sögn Auðuns.

„Við sjáum æ fleiri velja stórar og steypugráar flísar á baðherbergi sín, jafnvel 60x60 sentimetra á bæði gólf og veggi, þótt enn sé algengara að setja 30x60 á veggi á móti 60x60 á gólf. Hitt kemur þó virkilega vel út og líka þegar sami litur er settur á gólf og veggi."

Þá segir Auðunn ekki sjá fyrir endann á vinsældum marmara á baðherbergi, sem hefur verið í miklu dálæti að undanförnu.

„Marmari er sígild fegurð sem stenst tímans tönn og sómir sér einkar vel á baðherbergjum. Við erum með glæsilegan, gegnheilan marmara en einnig gullfallegar postulínsflísar sem líta út eins og ekta marmari en eru vitaskuld á hagstæðara verði."

Auðunn segir algengt að brjóta upp útlit baðherbergja með munstruðum flísum eða „muretto"-munstri.



Steypugrátt er tískuliturinn á baðherbergi nú en líka hvers kyns muretto.

„Muretto þýðir að ílöngum flísum í mismunandi stærðum er púslað saman. Aðalframleiðendur okkar, Ragno og Apavisa, bjóða margar stærðir í hverri línu sem gera það auðvelt að leika sér með munstur. Mósaík er oftar en ekki valin innan í sturtu og á klósettkassa og kemur fallega út samlitt, í mismunandi litum eða með glitrandi flísum inn á milli."

Nýjustu tísku á baðherbergjum landsmanna segir Auðunn vera hleðslustein.

„Nú er algengt að velja grjóthleðslu á einn vegg sem gefur náttúrulegan og flottan blæ. Þá er notaður tilbúinn steinn sem fæst í mismunandi gerðum, litum og formi og skapar alveg nýtt en einkar ferskt útlit á baðherbergið."


Egill Árnason™
GERÐU KRÖFUR
Val á flísum sem standast tímans tönn krefst útsjónarsemi og þekkingar. Flísar frá Ítalíu og Spáni, brenndar, rétt skornar og í fyrsta flokki, skipa sér þar með í flokk bestu fáanlegu flísa. Það skilur á milli framleiðenda þegar kröfurnar eru miklar. Kynntu þér flísarnar í verslun okkar Suðurlandsbraut 20.
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
Sími: 595 0500
www.egillarnason.is
Opnunartímar: mán - fös kl. 9–18 og lau kl. 11–15




**Starfsfólk Miðstöðvarinnar reiðubúið til aðstoðar. Frá vinstri: Björgvin Hallgrímsson, Guðni Georgsson, Kristján Hauksson, Sæþór Freyr Heimisson, Guðmundur Jón Magnússon, Daniel Cruz, Karl Leó Sigurþórsson, David Cruz, Jón Ingvi Pétursson, Marinó Sigursteinsson, Jónas Guðbjörn Jónsson, Þórir Örn Þórisson, Bjarki Ómarsson og Bjarni Ólafur Marinósson Á myndina vantar Kristmann Sigurjónsson, Aðalstein Jóhannsson og Ómar Reynisson.**

# Jákvæðni og traust mikilvægast af öllu



**Marinó Sigursteinsson pípulagningameistari á skrifstofu sinni sem er tímabundið inni á baði vegna endurnýjunar á verslunarhúsnæði Miðstöðvarinnar. Marinó er ekki ósáttur við það eins og sjá má.**

Miðstöðin var stofnuð árið 1940 og er því eitt elsta fyrirtæki Vestmannaeyja og nú er fjórði ættliður að taka þar við stjórnartaumunum. Allir eigendur hafa verið pípulagningameistarar og þar er hægt að fá allt sem þarf á baðherbergið auk flests þess sem tilheyrir heimilisviðhaldi.



**Hér er eitt dæmi um fallegt sýningarbaðherbergi sem hægt er að skoða í versluninni. Það er þó stefnan hjá Miðstöðinni að viðskiptavinurinn fái að ráða för og að ekkert sé of mikið vesen eða ekki hægt.**

Miðstöðin hefur frá upphafi verið fjölskyldufyrirtæki en núverandi eigendur þess eru hjónin Marinó Sigursteinsson framkvæmdastjóri og Marý Kolbeinsdóttir. „Afi minn, Sigurvin Marinó Jónsson kallaður Nói, stofnaði fyrirtækið árið 1931. Pabbi, Sigursteinn Marinósson, fór síðan að vinna hjá honum og þeir lærðu saman til pípulagningameistara,“ segir Marinó. „Afi dó árið 1962 og pabbi er orðinn níræður. Ég tók við fyrirtækinu árið 1974 og nú er sonur minn Bjarni Ólafur að taka við, fjórði ættliður pípulagningameistara,“ segir Marinó. Hann segir það hafa ýmsa kosti að fjölskyldan hafi verið svona lengi í sömu viðskiptum. „Þú veist að þegar iðnaðarmenn hafa mikið að gera neyðast þeir til að ýta verkefnum á undan sér og ég segi oft þegar menn eru orðnir óþolinmóðir að ég sé enn að vinna verkefni sem afi hafi lofað áður en hann dó 1962. Svo það sé alltaf hægt að treysta því að verkið verði unnið, við komum alltaf að lokum,“ segir hann og hlær en bætir svo við. „Það er gott og dýrmætt að njóta svona mikils trausts. Ég finn að fólk vill versla við okkur og það er óskaplega notalegt. Við virðumst hafa sýnt að við séum traustsins verðir. Ég hugsa að ég hafi komið inn í 80-90 prósent af húsum í Vestmannaeyjum og séð um pípulagnirnar í svona 75 prósent allra heimila og fengið alls konar fyrirspurnir.“ Eftir næstum fimmtíu ára starfsreynslu er ekki úr vegi að spyrja Marinó hvort hann lumi á einhverjum góðum ráðum, bæði fyrir iðnaðarmenn og þá sem ætla að breyta eða bæta baðherbergið hjá sér. Hann tekur vel í það enda segir hann jákvæðni mikilvægasta eiginleika iðnaðarmanns. „Þegar viðskiptavinur biður mann að leysa verkefni verður maður að reyna að leysa það á sem bestan hátt. Ef þú dregur úr kúnnanum hefur þú minna að gera. Ef kúnninn kemur til þín og segir að eitthvað sé vesen þá segir þú að það sé ekkert vesen, það sé hægt að finna lausnir við flestu.“ Hann tekur eftir því að fólk leggur orðið meira í baðherbergin hjá sér en áður var. „Iðnaðarmenn verða að fylgjast vel með og taka upp allar nýjungar sem koma, vera á tánum og fylgjast með.“ Aðspurður um ráðleggingar til fólks sem hefur áhuga á að breyta baðherberginu hjá sér segir Marinó: „Það borgar sig alltaf að liggja yfir undirbúningnum og vera ekki að draga úr fólki heldur reyna að finna lausnir því það er ómögulegt að leggja í þennan kostnað og fyrirhöfn og sitja svo uppi með baðherbergi sem þú ert ekki ánægður með. Iðnaðarmaðurinn á að vera leiðbeinandinn og segja til og hjálpa fólki.“

Marinó segir einnig að starfsandi skipti miklu máli hjá fyrirtæki sem hefur starfað svona lengi. „Við erum oft í stórum verkefnum og þegar margir eru að vinna saman á sama stað þá hrífast allir með og vilja standa sig ef yfirmaðurinn eða eigandinn er viljugur sjálfur. Gott starfsfólk er númer eitt, tvö og þrjú og hef ég verið mjög heppinn með starfsfólk hjá mér alla tíð.“ Og að lokum minnist hann á markmiðasetningu sem mikilvægan þátt í því að halda fyrirtæki gangandi í svona langan tíma. „Það er alltaf betra að hafa markmið. Ef þú ert með markmið þá gengur alltaf miklu betur, þá veistu hvert þú ert að fara. Og markmiðið í dag er að gera alltaf betur á morgun en var gert í dag. Og ég er enn að, þó að ég sé farinn að eldast og stundum skammaður fyrir að vinna of mikið. Þar kemur sér vel að eiga þolinmóða eiginkonu.“

Hjá Miðstöðinni starfa hátt í tuttugu starfsmenn og fyrirtækið hefur næg verkefni í Eyjum. Miðstöðin er líka umboðsaðili fyrir fyrirtæki eins og Tengi, Álfaborg og Málningu svo eitthvað sé nefnt. Marinó bætir einnig við að til þess að svona stórt fyrirtæki gangi vel sé nauðsynlegt að mikið traust ríki á milli birgja og umboðsaðila. Fleiri upplýsingar um vöruúrval og þjónustu má nálgast á midstodin.is



## Burt með kúkalyktina!

Klósett eru prívatstaðir þar sem fólk gerir prívathluti. Oft illa þefjandi og neyðarlega fyrir næsta mann sem á þangað erindi. En hvað er til ráða til að halda sæmilegu andliti eftir slíkar misgjörðir?

Eldspýturáðið þykir afsannað að dugi; að kveikja í eldspýtu og sturta henni rjúkandi niður í klósettið á eftir sökudólgnum.

Kalli ástandið á líftryggingu er ráð að skella sér „alveg óvænt“ í hreingerningu á vaski og klósetti til að fá frískandi hreingerningailm í loftið.

Annað þjóðráð er að kreista vellyktandi sjampó eða sápu í baðvaskinn, skrúfa frá vatninu og fylla vaskinn af freyðandi sápuilmi. Það dregur úr kúkalykt á óheppilegum stundum og skilur eftir sig ljúfan baðilm.



## Vissir þú að ...

- mannskepnan fer árlega að meðaltali 2.500 sinnum á klósettið, eða 6 til 8 sinnum á dag? Sé miðað við meðalævi Vesturlandabúa verja þeir þremur árum á klóinu.
- 80 prósent fólks tekur farsímann með sér á klósettið til að skoða netið, versla eða senda sms?
- níu milljón farsímar enda ofan í klósetti ár hvert?
- fjórir af hverjum tíu brjóta klósettpappírinn saman en hinir sex krumpa hann saman til skeiningar?
- í Bandaríkjunum dygði klósettpappírsnotkun landsmanna vegalengdina til sólar og alla leið til baka?
- konur hata mest þegar karlar skilja setuna eftir uppi en snyrtivörusmit í handklæðum fer mest í taugarnar á körlum?
- einn af hverjum fimm fer í fýlu ef teygja þarf sig í klósettpappír neðan til í stað ofan til á rúllunni?
- sjö af hverjum tíu gestum snuðra í skápum, skúffum og hillum þegar þeir fara á klósett annarra?

## Spegill spegill herm þú mér

Eitt af því mikilvægasta á hverju baðherbergi er spegillinn. Baðherbergið hefur verið kallað það rými í húsinu þar sem líkaminn er endurnýjaður, rannsakaður og ræktaður og þar sem fágætan frið er að finna til að kanna sjálfið og styrkja sjálfsmyndina. Sumum finnst þetta kannski aðeins of háfleyg lýsing en það er samt rétt að baðherbergið er það herbergi í húsinu þar sem við erum oftast nakin, stundum mesta sjálfskoðun (á ytra borðinu að minnsta kosti), breytum okkur úr heimapersónu í vinnu- eða veislueinstakling og sinnum okkar persónulegustu líkamlegu þörfum sem margir deila ekki einu sinn með maka sínum. Hlutverk spegilsins á baðherberginu er þannig talið vera brú frá okkar eigin heimi yfir í heiminn sem við deilum með öðrum, við minnum okkur jafnvel á að við séum manneskjur með því að líta í spegilinn eftir að hafa verið ein með sjálfum okkur í mesta einkarými sem nútíminn býður upp á.





## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


Netbifreiðasalan



VW Passat Highline Eco Árgerð 4/2012 Ekinn 113 Þkm Bensin/ Metan Sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Tilboð 1.990.000.- Stgr Rnr.103967.



Toyota Land Cruiser 120 GX 33". Árgerð 2004, ekinn 278 Þkm Dísel Sjálfskiptur Verð 1.890.000. Tilboð 1.640.000.- Stgr Möguleiki á 100% láni Rnr.110654.



Skoda Octavia Ambiente. Árgerð 4/2005 Ekinn 178 Þkm Dísel Sjálfskiptur. Verð 990.000. Tilboð 690.000.- Stgr Möguleiki á 100% láni Rnr.110306.

Netbifreiðasalan



Skoda Octavia. Árgerð 8/2006 Ekinn aðeins 133 Þkm Bensin Sjálfskiptur Verð 850.000. Tilboð 599.000.- Stgr Möguleiki á 100% láni Rnr.110647.

**Netbifreiðasalan**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4400**
**netbifreidasalan.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

bíll.is
bestir í bílum...



CAMP LET Apollo lux. Árgerð 2006, á staðnum . Verð 640.000. Rnr.260366. 100% fjármögnun í boði.



BMW 520 d xdrive m teck 4x4. Árgerð 2016, ekinn 4 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.Vel búinn Verð 7.990.000. Rnr.270346. Tilboðsverð 6.990.000.-



BMW 3 330e m- tech. Árgerð 2016, ekinn 5 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 5.990.000. Rnr.250617.

**Bíll.is**
**Malarhöfði 2, 110 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



HYUNDAI Ix35 comfort. Árgerð 2015, ekinn 76 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. TILBOÐ 3.150.000.Ásett verð 3.650.000 Rnr.212249



HYUNDAI Santa fe iii 2200 style . Árgerð 2015, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. TILBOÐ 5.190.000.Ásett verð 5.590.000 Rnr.115948.



COMBI CAMP Venezia . Árgerð 2006, Fortjald, rennilásar beggja vegna fyrir aukatjald, eldhús, geymslubox á beisli TILBOÐ 590.000. Rnr.330722.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Fjórhjól







## Hjólbarðar




**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Húsamálun**
**Alhliða málningarþjónusta.**
Litaverk ehf
Uppl. í s. 847 1628
& litaverk@gmail.com

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvikur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna . Er á facebook

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Til byggingga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

## Húsnæði óskast

**ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ/ HÆÐ**
Óska eftir 3ja-4ja herbergja íbúð/ hæð, helst í Kóp, Garðab eða Hafnaf., allt kemur til greina. Aðeins langtímaleiga. Reglusemi, skilvísar greiðslur og meðmæli ef óskað er.

Uppl. í síma 863 4291

**SKILVÍSI, REGLUSEMI, MEÐMÆLI**
58 ára karlmaður óskar eftir 2ja herb. íbúð til leigu. Uppl. S. 782 1877.

## Hönnun

HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Viðskiptatækifæri

**TIL SÖLU:**
Til sölu ísbúð / ísgerð með eigin framleiðslu og mikinn tækjakost. Miklir möguleikar fyrir duglega aðila. Skoða öll skipti. Uppl. í síma 895-7737







## Atvinna

NPA MIÐSTÖÐIN

### Viltu bætast við í hópi hressra starfsmanna?

Ég er 47 ára langveik lífsglöð kona með hreyfihömlun sem óskar eftir persónulegum aðstoðamanni. Það er um að ræða dagvaktir frá klukkan 10 til 17, en stundum til 22 þegar þess þarf. Þannig þarf vinnutíminn að geta verið sveigjanlegur. Ég myndi vilja ráða manneskju sem væri til í að taka næturvakt ef á þyrfti að halda. Viðkomandi þarf helst að geta byrjað í Ágúst, áður en skólinn byrjar. Ég er gift og móðir 6 ára drengs. Mér finnst gaman að hitta góða vini, lesa bækur, ferðast og fara út með hundinn okkar og þjálfa hann. Lifi lífinu lifandi. Ég er í fríi frá námi en stefni á áframhaldandi þroskaþjálfanám næsta haust.
Ég er mikið heyrnarskert (en er mjög góð að lesa varir) og talhömluð svo að það tekur folk stundum smá tíma að læra að skilja mig. Ég nota líka táknmál en það er ekki skilyrði.
Starfið felur í sér aðstoð við flestar athafnir daglegs lífs. Unnið er eftir hugmyndafræði um notendastýrða persónulega aðstoð, sjá nánar á www.npa.is. Bæði kynin koma til greina.
Fyrir mér er NPA lífið. Ég get ekki verið án þess.

**Hæfniskröfur:**
- Góð almenn menntun. Íslenskukunnátta er algjört skilyrði því ég þarf aðstoð við að skrifa íslensku.
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni, stundvísi og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð og bílpróf eru skilyrði.

Umsóknir og nánari upplýsingar berist í tölvupósti til Ásdísar Jennu: asdisjenna@npa.is eða í síma s: 8968911 og s: 5611659 (aðstoðarfólk mitt svarar í símann) eða s. 7736865 (Guðríður Anna aðstoðarverkstjórnandi). Svo má líka senda mér skilaboð á Facebook,

**Ásdís J Ástud Ástráðsdóttir.**





Vinsælasta útvarpsappið

9 útvarpsstöðvar • fréttir • hljóðbrot • upplýsingar um flytjendur og margt fleira

Download on the App Store · GET IT ON Google Play

FM957 · BYLGJAN 989 · X 97·7


## Styrkir

### Styrkir VIRK

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Virk Starfsendurhæfingarsjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki sem veittir eru til virkniúrræða, rannsóknarverkefna og uppbyggingar- og þróunarverkefna.

Framkvæmdastjórn VIRK úthlutar styrkjunum tvisvar á ári og þurfa umsóknir um styrkina að hafa borist sjóðnum fyrir 15. janúar eða 15. ágúst ár hvert.

Ákvarðanir um styrkveitingar eru teknar í framhaldinu af framkvæmdastjórn VIRK, í mars og október, að fenginni umsögn frá sérfræðingum VIRK.

Sérstaklega verður horft til virkniúrræða miðuðum að ungu fólki og til rannsóknar- og þróunarverkefna tengdu ungu fólki í styrkveitingum VIRK árið 2017.

Nánari upplýsingar, stefnur og reglur varðandi umsóknir á styrkjum til VIRK og umsóknareyðublöð má finna á www.virk.is

**Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2017.**


# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF



# Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:
- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum





lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is



## A2 Active
kr. 45.000,-

## H9
kr. 67.000,-



# 20% SUMAR-TILBOÐ

## Beolit 15
Tilboðsverð kr. 59.000,-
Verð áður kr. 69.000,-





## A1
kr. 34.000,-

## P2
kr. 21.500,-



# HLJÓMFAGURT

## HVAR SEM ÞÚ ERT

B&O PLAY

Þú kaupir BeoPlay bluetooth hátalara og færð 20% afslátt af Bang & Olufsen heyrnartólum.

Gildir til 31. júlí eða á meðan birgðir endast.

BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - 108 Rekjavík - Sími 530 2800

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Austan og norðaustanátt, 10-18 m/s við suður- og suðausturströndina. Undir Eyjafjöllum, í Mýrdal og Öræfum má því búast við hvössum vindhviðum, 25-30 m/s. Skýjað að mestu austantil á landinu. Áfram hlýtt í veðri, hiti allt að 25 stigum inn til landsins.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 16° | 11° | 13° |
| ← 3 | ← 6 | ↓ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 17° | 9° |
| ↓ 8 | ↙ 12 | ↙ 11 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 14° | 10° | 9° |
| ↙ 8 | ↙ 8 | ↓ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 17° | 9° |
| ↓ 6 | ← 8 | ↙ 8 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 8 | 1 | 5 | | | | 9 |
| | 6 | 9 | | | | 5 | | |
| | 2 | | | 3 | | | 7 | |
| | | 6 | 5 | | | 8 | 9 | |
| | | | | 9 | | 6 | | |
| | 1 | 4 | 7 | 8 | | | | 5 |
| | 9 | | | 1 | | | | 6 |
| | | 3 | | | | | | |
| 5 | | | 8 | | 4 | | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | 9 | 4 | | 2 | 3 | 5 | | |
| | 8 | | 6 | | 9 | | | 1 |
| 5 | 7 | 6 | | | 1 | 9 | | |
| | | 2 | | 8 | 4 | | | 5 |
| | | | 3 | 1 | | | 7 | 2 |
| 7 | | | | 4 | | | | |
| | | 5 | | 7 | 6 | 3 | 4 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 8 | | | | | |
| 5 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| | 3 | 7 | 4 | | | 8 | 1 | |
| | | | | 5 | | | | 8 |
| | 7 | | 9 | | 1 | | | 4 |
| | | 3 | | | | | 9 | 2 |
| | | | 5 | | | 3 | 6 | |
| | | | | | | | | 9 |
| 8 | | 1 | | | 9 | | 2 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. fangi
6. kyrrð
8. fyrirboði
9. þróttur
11. í röð
12. reyna
14. eftirsjá
16. rás
17. beita
18. óðagot
20. tvíhljóði
21. auma

**LÓÐRÉTT**
1. hrun
3. svell
4. úða
5. læsing
7. stríð
10. landspilda
13. brott
15. boli
16. iðka
19. tveir eins




**LÁRÉTT:** 2. gísl, 6. ró, 8. spá, 9. afl, 11. rs, 12. prófa, 14. iðrun, 16. æð, 17. áta, 18. fum, 20. au, 21. arma.
**LÓÐRÉTT:** 1. hrap, 3. ís, 4. sprauta, 5. lás, 7. ófriður, 10. lóð, 13. frá, 15. naut, 16. æfa, 19. mm.

## Skák Gunnar Björnsson

Frode Urkedal (2543) átti leik gegn Ivan Sokolov (2626) á Xtracon-mótinu í Helsingör í gær.
**Hvítur á leik**
**18. Hxg7+!! Kf8 (18...Kxg719. Dg2+ Kf8 20. Dg5 og svartur er varnarlaus). 19. Dg2! 1-0.**
Jóhann Hjartarson er meðal fimm íslenskra keppenda á mótinu.

**www.skak.is:** Nýjar skákfréttir alla daga.




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 1 | 4 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 7 | 8 | 3 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 9 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 9 | 3 | 2 | 5 | 8 | 4 | 7 |
| 7 | 5 | 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 9 |
| 2 | 8 | 4 | 7 | 1 | 9 | 6 | 3 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 3 | 8 | 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 1 |
| 5 | 2 | 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 3 | 9 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 1 |
| 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 2 | 8 | 6 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 2 | 7 | 6 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 2 | 1 | 9 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 7 | 2 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 | 9 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 4 | 9 | 7 | 2 | 5 | 1 | 8 | 6 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 9 |
| 6 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 1 | 2 | 8 | 3 | 9 | 6 | 4 | 5 |
| 8 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Marsibil og Elfar Logi með Gísla á milli sín og Elfar Logi með afastelpuna Sögu Nótt Friðriksdóttur á handleggnum. MYND/HEIÐUR EMBLA ELFARSDÓTTIR

## Alltaf þúsund árum á eftir hinum

**Á Gíslastöðum í Dýrafirði sjá Elfar Logi Hannesson og Marsibil Kristjánsdóttir um fornsagnatengda viðburði. Í kvöld fjallar Guðni Ágústsson um Hallgerði langbrók.**

Guðni Ágústsson heldur mikið upp á Hallgerði langbrók, hann ætlar að messa yfir okkur í kvöld klukkan 20. Það er mikil spenna hér í Dýrafirðinum fyrir hans komu,“ segir Elfar Logi Hannesson stórleikari, staddur á slóðum Gísla Súrssonar í Haukadal þegar hann svarar síma. „Gísli hugsaði fyrir því að hér yrði GSM-samband,“ segir hann glettinn.

Elfar Logi stendur fyrir mánaðarlegum menningarviðburðum í hinum sögufræga dal, ásamt konu sinni Marsibil Kristjánsdóttur. Hann tekur fram að hún sé heilinn á bak við allt saman, sjálfur sé hann bara vinnumaðurinn á bænum! „Við erum aðallega föst á landnámstímanum, alltaf þúsund árum á eftir hinum,“ segir hann. „Nú erum við búin að mublera upp Gíslastaði sem er gamalt félagsheimili, ekki þó þúsund ára heldur frá 1936, en innan dyra höfum við breytt því að víkingasið.“

Þau hjón keyptu húsið 2005, árið sem þau bjuggu til einleikinn um Gísla Súrsson sem enn er í gangi, að sögn Elfars Loga. „Tjörnin, sem Gísli og félagar spiluðu íshokkí á, samkvæmt sögunni, er bara hér fyrir utan. Það er alltaf sterk upplifun fyrir fólk að vera á söguslóðum.“ Hann segir borð og bekki fyrir fjörutíu manns á Gíslastöðum. „En við höfum hýst mun fleiri. Um daginn var Óttar geðlæknir hjá okkur að fjalla um sexið í Íslendingasögum og stútfyllti kofann. Í ágúst segir Margrét Sverrisdóttir frá draumum og fyrirboðum í vestfirskum Íslendingasögum og í september verður Víkingahátíð fjölskyldunnar. Við erum búin að bóka viðburði fram á næsta ár.“ Sem sagt að vetrinum líka? „Já, já, goðarnir sjá til þess að hingað sé alltaf fært, Freyr er okkar goði, hann heldur opnu.“

**gun@frettabladid.is**

## Frjótt ímyndunarafl, fullkomin tækni

**TÓNLIST**

**Djasstónleikar**

★★★★★

**Herbie Hancock lék eigin tónlist ásamt Vinnie Colaiuta, James Genus, Terrace Martin og Lionel Loueke.**

**Eldborg í Hörpu**

fimmtudaginn 20. júlí



**„Það voru þvílíkar flugeldasýningar að mann langaði til að standa upp og öskra hvað eftir annað,“ segir meðal annars í dómnum.** MYND/GETTYIMAGES

Herbie Hancock er viðkunnanlegur náungi og blátt áfram. Hann sagði áheyrendunum á tónleikunum í Hörpu á fimmtudagskvöldið að hann hefði komið til Íslands áður og skemmt sér afar vel. Það hefði mikið verið drukkið. Núna væri hann hins vegar hættur að drekka og eins gott; ef hann hefði ekki gert það væri hann ekkert hér.

Hancock er goðsögn í djassheiminum. Hann spilaði í hljómsveit Miles Davies á sínum tíma og hefur unnið fjölmörg Grammy verðlaun. Hann er ákaflega tilraunaglaður og óhræddur við að nota tækninýjungar í tónlist sinni. Það sem boðið var upp á í Hörpu var gríðarlega víðfeðmt, allt frá einföldum laglínum upp í litríkar ómstríður, svo mjög að það var nánast eins og að heyra öfgakennda framúrstefnu á Myrkum músíkdögum. Helsti munurinn lá í rytmanum; á tónleikum Hancocks var takturinn allan tímann líflegur, og rúmlega það.

Vinnie Colaiuta sló trommurnar, og það var enginn smáræðis trommuleikur. Sólóin voru oft ótrúlega flókin, en þó ekki svo að það væri óþægilegt. Fallegur hljómur var í trommunum, trommuslátturinn léttur og mjúkur, en samt kröftugur þegar við átti.

Hinir hljóðfæraleikararnir voru frábærir. Bassaleikur James Genus var skemmtilega fjölbreyttur. Terrace Martin, sem m.a. lék á saxófón, var hugvitsamlegur og fjörugur.

Hancock sagði um gítarleikarann Lionel Loueke að hann spilaði á hljóðfærið sitt ólíkt öllum öðrum. Það voru orð að sönnu. Hljómurinn í gítarnum var óvanalega bjartur og undarlega mennskur, eins og lifandi manneskja. Loueke söng líka á sérkennilegan hátt; söngurinn fór í gegnum tölvu sem myndaði hljóm úr hverjum tóni.

Í því samhengi minntist Hancock aðeins á svokallaðan vocoder sem er algengur í dag en þótti mikið tækniundur þegar hann kom fyrst fram á sjónarsviðið. Vocoder umbreytir mannsröddinni á ýmsa vegu og einnig er hægt að hafa slík áhrif á tóna úr hljóðfærum, og í raun hvað sem er. Vocoder var talsvert notaður á tónleikunum og átti sinn þátt í að kvöldið var svona sérstætt.

Hancock sjálfur var ekki af þessum heimi. Hann spilaði bæði á píanó, en einnig ýmiss konar hljómborð, þ.á m. eitt sem hann hélt á, eins og gítar. Leikur hans var í fremstu röð, það voru þvílíkar flugeldasýningar að mann langaði til að standa upp og öskra hvað eftir annað.

Tónlistin kom stöðugt á óvart. Margir halda að djass sé alltaf spunnin en svo er ekki. Strúktúrinn er fyrirfram ákveðinn, bæði laglínan og hljómagangurinn. Innan þess ramma er þó svigrúm sem hljóðfæraleikararnir geta nýtt sér. Hér var spuninn með eindæmum djarfur, sem skrifast á yfirgripsmikla þekkingu á ólíkum stílum og fullkomna tækni. Fyrir bragðið var frelsi og ímyndunarafl hljóðfæraleikaranna óheft, þeir gátu gert allt sem hugurinn bauð hverju sinni. Útkoman var einstök og ógleymanleg skemmtun. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Einhverjir bestu djasstónleikar sem hér hafa verið haldnir.







Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

# ENDINGARGÓÐ GARÐHÚSGÖGN

Grindin í Click-húsgögnunum er úr ryðfrírri álblöndu og aðrir hlutar húsgagnanna eru útskiptanlegir.

**35%**
**AFSLÁTTUR**



## CLICK
Ruggustóll.
Marglitur, svartur, dökkgrar eða blár.

**25.994 kr.** ~~39.990 kr.~~

IDdesign

## CLICK
Garðstóll, staflanlegur, hár m/örmum. Svartur, dökkgrár og blár



**35%** AFSLÁTTUR

**14.294 kr.**
~~21.990 kr.~~

## CLICK
Garðstóll staflanlegur m/örmum. Svartur, dökkgrár og blár



**35%** AFSLÁTTUR

**12.994 kr.**
~~19.990 kr.~~

## CIRCLE
Garðborð. Bambus og granít.



**35%** AFSLÁTTUR

Þvermál 110 cm
**45.494 kr.** ~~69.990 kr.~~

Þvermál 150 cm
**58.494 kr.** ~~89.990 kr.~~

## CLICK
Sólbekkur, stillanlegur.
dökkgrár og turkis.



**35%** AFSLÁTTUR

**29.244 kr.**
~~44.990 kr.~~



**35%** AFSLÁTTUR

## EIFFEL
Borðstofustóll. Svartur, hvítur og grár með svörtum löppum.

**6.494 kr.** ~~9.990 kr.~~



**45%** AFSLÁTTUR

## JOLENE
Borðstofustóll.
Svart PU-leður og krómfætur.

**7.695 kr.** ~~13.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

## ALISON
Borðstofustóll. Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði og krómgrind.

**8.993 kr.** ~~11.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

## CAZAR
Skemmitlegur hægindastóll.
Koníaksbrúnt eða svart PU-leður.

**13.993 kr.** ~~19.990 kr.~~



Tilboðsverð
frá **2.995 kr.**

**ALLIR PÚÐAR – MIKIÐ ÚRVAL**
**50%**
**AFSLÁTTUR**

**ÖLL MATARSTELL FRÁ BROSTE**
**30%**
**AFSLÁTTUR**





Verðdæmi:
Matardiskar
4 stk.
tilboðsverð
**1.995 kr.**

**AIDA ATELIER MATARSTELL**
**50%**
**AFSLÁTTUR**

**ALLAR GÆRUR – MIKIÐ ÚRVAL**
**50%**
**AFSLÁTTUR**



Verðdæmi:
Lambagæra
frá Natures
Collection
tilboðsverð
**14.495 kr.**

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga
**Akureyri** Dalsbraut 1 — 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# Sumar ÚTSALAN

## Allt að 60% afsláttur




**NATUZZI EDITIONS**
**B895** leðursófasett.
Stærð sófa: 245 x 100 x 88 cm
Stærð stóls: 97 x 100 x 88 cm

Sófi 3ja sæta
**538.993 kr.** ~~769.990 kr.~~

Stóll
**181.993 kr.** ~~259.990 kr.~~

Lítið skammel
**83.993 kr.** ~~119.990 kr.~~

Stórt skammel
**101.493 kr.** ~~144.990 kr.~~



**30% AFSLÁTTUR**

## MINEOLA

Tveggja og þriggja sæta sófar. Grár, gráblár eða ljós.

3ja sæta: 195 x 88 x 84 cm
**76.993 kr.** ~~109.990 kr.~~

2ja sæta: 165 x 88 x 84 cm
**69.993 kr.** ~~99.990 kr.~~



**50% AFSLÁTTUR**

## SAGA

Tveggja og þriggja sæta sófi.
Svart leður á slitflötum.

2ja sæta: 160 x 85 x 75 cm
**49.995 kr.** ~~99.990 kr.~~

3ja sæta: 215 x 85 x 75 cm
**64.995 kr.** ~~129.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN







Full búð af nýjum vörum!

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918










**Hamrahlíðarkórinn er á leið í tónleikaferð til Skotlands.**

## Hvað? Hvenær? Hvar?

## Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 26. JÚLÍ 2017

### Uppákomur

**Hvað?** Druslupeppkvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bryggjan Brugghús
Í kvöld verður haldið hið árlega peppkvöld Druslugöngunnar! Drusluvarningur verður seldur á staðnum, tilboð á barnum og endalaus drusluást og stemning. Aldurstakmark inn á staðinn er 20 ára þar sem þetta er bar, en reynt verður að vera með sölu á varningi í innganginum og mögulega fyrir utan ef veður leyfir.

**Hvað?** Sumar-Samflot
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Breiðholtslaug
Sumar-Samflot í Breiðholtslaug verður haldið í kvöld. Takmarkað pláss en númerakerfi verður í afgreiðslu Breiðholtslaugar. Byrjað er að afhenda númer einni klukkustund fyrir samflot.

**Hvað?** Sacred Sound Healing with Shelly
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Yogavin, Grensásvegur 16
Heilandi tónferðalag með Shelly Reif fer fram í kvöld. Frítt inn.

**Hvað?** Parkinsonganga
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Vífilsstaðavatn
Göngugarpar hittast á bílastæðinu við Vífilsstaðavatn og gengið er eftir göngustíg í kringum vatnið. Gott að taka með sér kaffi eða te á brúsa.

**Hvað?** NÝTT tímabil - vertu í þínu besta formi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Happy hips, Kirkjulundur 19
Námskeið sem hentar öllum sem vilja líða vel í eigin líkama. Farið er í gegnum tækni til að losa um spennu og auka hreyfigetu. Hægt er að velja um tvö eða fjögur skipti á viku við skráningu á http://www.happyhips.is/skraning-hh/. Kennt á mánudögum og miðvikudögum.




**Druslupeppkvöld verður haldið á Bryggjunni brugghúsi í kvöld og þar verður til sölu drusluvarningur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Hvað?** Ganga Hruni – Hrepphólar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hrepphólar
Ferðin er á vegum Ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps. Hruni – Hrepphólar, gengið á milli kirkna.
Lagt af stað frá planinu við Hrunakirkju og gengið sem leið liggur að Sólheimum og þaðan áfram eftir reiðgötum austan við Galtafell uns komið er að Hólahnjúkum þar sem sjá má stórkostlegar stuðlabergsmyndanir. Gangan endar við Hrepphólakirkju.
Ganga sem tekur um þrjár klukkustundir.

**Hvað?** Fræðsluganga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grasagarður Reykjavíkur
Í dag verður farin fræðsluganga í Grasagarði Reykjavíkur þar sem nokkrar þeirra plantna sem koma fyrir í Hringadróttinssögu og Hobbit J.R.R. Tolkiens og vaxa í garðinum verða skoðaðar. Í göngunni verður meðal annars litið við í Skíri, heimahögum hobbitanna, og í dularfullum skógum Miðgarðs. Björk Þorleifsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar hjá Grasagarðinum, leiðir gönguna sem hefst við aðalinngang Grasagarðsins við Laugatungu. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir!

## Tónlist

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Kammerkórinn Schola cantorum heldur vikulega miðvikudagstónleika á Alþjóðlegu orgelsumri í Hallgrímskirkju og flytur fagrar, íslenskar kórperlur. Íslenskum og erlendum gestum er síðan boðið upp á kaffi, mola og spjall eftir tónleikana í safnaðarheimili Hallgrímskirkju. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Tónleikar í Djúpinu
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Djúpið, í kjallaranum á Veitingahúsinu Horninu
Anna Sóley og Mikael Máni halda tónleika í Djúpinu. Á dagskrá eru niður strípaðar útgáfur af frumsömdu efni í bland við vel valdar ábreiður. Tónlistin er í neo soul stíl með áhrifum frá djassi, fönki og blús. Anna Sóley er söngkona og lagasmiður. Hún lauk burtfararprófi frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2016 en stundar nú söngnám erlendis. Mikael Máni lauk burtfararprófi frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2014 og hefur síðan þá lagt stund á nám við djassgítarleik í Amsterdam. 1.000 krónur inn.

**Hvað?** Tónleikar Hamrahlíðarkórsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háteigskirkja
Hamrahlíðarkórinn er á leið í tónleikaferð til Skotlands og af því tilefni heldur kórinn tónleika og flytur sýnishorn af þeim efnisskrám sem hann tekur með í ferðina. Á efnisskránni eru m.a. verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Gunnar Andreas Kristinsson,Hafliða Hallgrímsson, Hjálmar H. Ragnarsson, Huga Guðmundsson, Jón Ásgeirsson, Jón Nordal og Þorkel Sigurbjörnsson. Aðgangur er ókeypis. Hamrahlíðarkórnum er boðið að taka þátt í Alþjóðlegu listahátíðinni fyrir ungt fólk í Aberdeen í Skotlandi sem haldin verður 28. júlí til 7. ágúst. Kórinn hefur unnið að undirbúningi fyrir tónleikaferðina frá því í upphafi árs auk þess að sinna öðrum verkefnum, má í því sambandi nefna að kórinn hefur nýlega lokið upptökum með Björk.


DJ Flugvél og geimskip er meðal þeirra sem verða á Húrra í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Nommo og Kría
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gaukurinn
Nommo frá Belgíu og Kría koma saman og halda tónleika, frítt inn.

**Hvað?** Tónlist fyrir langlínusamtöl
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Tónlist fyrir langlínusamtöl verður flutt í annað sinn og fram koma Julius Pollux Rothlaender á píanó og rafhljóð, Ægir Sindri Bjarnason á trommur, Sólveig Eir Stewart, rödd, og viðmælandi hennar. Ægir og Julius spila af fingrum fram yfir langlínusamtal Sólveigar og viðmælanda. Gestir fá að fylgjast með þeim í gegnum heyrnartól og sitja á púðum á gólfi rýmisins. Afar takmarkað pláss er á viðburðinn þar sem rúmlega 30 heyrnartól verða í boði en gestir eru hvattir til þess að koma með sín eigin ef þeir eiga. Miðaverð er 2.000 krónur og húsið verður opnað kl. 20.30. Viðburðurinn hefst svo klukkan 21.00.

**Hvað?** Lady Boy Records 019: Madonna + Child
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Lady Boy Records Release Party þar sem Madonna + Child, dj. flugvél og geimskip og Panos From Komodo koma fram. Kostar 1.000 krónur inn.

**Hvað?** Karaoke night at Loft!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft hostel, Bankastræti 7
Tími til kominn að sýna hvað í raddböndunum býr.

**Hvað?** Stína Ágústsdóttir – Tónleikaröð Norræna hússins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Djasssöngkonan Stína Ágústsdóttir hefur gefið út þrjár sólóplötur og spilað með nokkrum af bestu djasstónlistarmönnum Kanada, Svíþjóðar og Íslands. Þriðja sóloplata Stínu heitir Jazz á íslensku og er safn af frægum djasslögum og þjóðlögum í djassbúningi með íslenskum texta og var sú plata tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir bestu djassplötu 2016. Stína vinnur núna að næstu sólóplötu og syngur með nýrri hljómsveit sinni 23/8 (Bjarkarlög í djassbúningi) og með mismunandi tónlistarmönnum í Stokkhólmi, Svíþjóð. 2.000 krónur inn, miðasala á tix.is.

**Hvað?** Weekly Blues Jam Session
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dillon
Húsbandið Bexband byrjar og spilar í klukkustund. Eftir það er gestum velkomið að spreyta sig.




ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA
UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.




**THE BOLD TYPE**
Þær eru flottar og með tískuna algerlega á hreinu enda vinna þær hjá glanstímaritinu Scarlet og allar vilja þær hafa áhrif á líf annarra kvenna sem og að finna ástina sjálfum sér til handa. Skvísuþættir af allra bestu gerð!

**MAGNAÐ**
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

**JAMIE´S 15 MINUTE MEALS**
Stórskemmtilegir og hressilegir matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.



**THE NIGHT SHIFT**
Fjórða sería þessara spennandi læknaþátta sem gerast á bráðamóttökunni í San Antonio og fjalla um ástir og örlög læknanna.



**QUEEN SUGAR**
Magnaðir þættir um líf þriggja afar ólíkra systkina sem taka við fjölskyldufyrirtækinu í hjarta Louisiana. Fljótlega fer að hrikta í stoðum þess og ekki er allt sem sýnist.




**ORANGE IS THE NEW BLACK**
Frábærir verðlaunaþættir um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York.



BÍÓ
**LET´S BE COPS**
Gamlir vinir ákveða að atast í félögunum og klæða sig upp sem löggur en þá fer margt öðruvísi en áætlað var.



3
**ÖRIR ÍSLENDINGAR**
Vandaður þáttur þar sem Lóa Pind kynnist dansara, rafvirkja, sjónvarpskonu og háskólanema sem öll eru nýgreind með ADHD.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Heiða**
**07.50 The Middle**
**08.15 Mindy Project**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Spurningabomban**
**11.10 Um land allt**
**11.45 Léttir sprettir**
**12.05 Heilsugengið**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Kjarnakonur**
**13.25 The Night Shift**
**14.10 Major Crimes**
**14.55 Schitt's Creek**
**15.20 Hart of Dixie**
**16.05 Hollywood Hillbillies**
**16.30 The Simpsons**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Ísland í sumar**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 Jamie's 15 Minute Meals**
**19.55 The Middle**
**20.20 The Bold Type**
**21.05 The Night Shift** Fjórða þáttaröð þessara spennandi læknaþátta sem gerist á bráðamóttökunni í San Antonio og fjallar um ástir og örlög læknanna.
**21.50 Queen Sugar**
**22.35 Orange is the New Black**
**23.30 NCIS**
**00.15 Fearless** Vandaðir breskir spennuþættir sem fjalla um mannréttindalögfræðinginn Emmu Banville sem er þekktust fyrir að velja sér krefjandi og oft og tíðum talin óvinnandi mál. Nú tekur hún upp gamalt mál manns sem sakfelldur var fyrir fjórtán árum fyrir morð á ungri stúlku og er hún sannfærð um sakleysi hans. Handritshöfundur þáttanna er Patrick Harbinson (Homeland og 24).
**01.05 Training Day**
**01.50 Brestir** Öðruvísi fréttaskýringaþáttur sem rýnir í bresti samfélagsins. Forvitnir þáttastjórnendur gægjast undir yfirborðið og fylgjast með því sem fram fer fyrir luktum dyrum. Rýna í það sem er löglegt en siðlaust - en líka það sem er siðlegt en lögbrot. Umsjónarmenn eru Lóa Pind Aldísardóttir, Kjartan Hreinn Njálsson og Þórhildur Þorkelsdóttir.
**02.20 Nashville**
**03.00 Nashville**
**03.45 NCIS. New Orleans**
**04.30 Covert Affairs** Fimmta þáttaröðin um CIA fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði innan og utan vinnunnar.
**05.15 The Night Shift**
**06.00 The Middle**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Chelsea - Bayern Munchen**
**08.40 Tottenham Hotspur - AS**
**10.20 Pepsí deild kk - Víkingur Ó. - Valur**
**12.00 Pepsímörkin**
**13.25 Borgunarbikarmörkin**
**14.35 Chelsea - Bayern Munchen**
**16.15 Tottenham - AS Roma**
**17.55 1 á 1**
**18.20 Pepsí deild kk - Víkingur Ó. - Valur**
**20.00 Pepsímörkin**
**21.25 Goðsagnir efstu deildar**
**22.15 NBA**
**23.30 Barcelona - Manch. United**
**01.50 Chelsea - Bayern Munchen**
**03.30 Manch. City - Real Madrid**

## STÖÐ 3

**17.15 Raising Hope**
**17.40 The New Girl**
**18.05 The Detour**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Curb Your Enthusiasm**
**19.25 Dulda Ísland**
**20.20 Lóa Pind. Örir íslendingar**
**21.10 Man Seeking Woman**
**21.35 Cold Case**
**22.20 Supernatural**
**23.05 American Horror Story. Roanoke**
**23.45 Modern Family**
**00.10 Curb Your Enthusiasm**
**00.40 Dulda Ísland**
**01.35 Lóa Pind. Örir íslendingar**
**02.25 Man Seeking Woman**
**02.50 Cold Case**
**03.35 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**08.00 Lína langsokkur**
**08.25 Hvellur keppnisbíll**
**08.37 Ævintýraferðin**
**08.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00 Víkingurinn Viggó**
**09.11 Zigby**
**09.25 Stóri og Litli**
**09.38 Skógardýrið Húgó**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00 Lína langsokkur**
**12.25 Hvellur keppnisbíll**
**12.37 Ævintýraferðin**
**12.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00 Víkingurinn Viggó**
**13.11 Zigby**
**13.25 Stóri og Litli**
**13.38 Skógardýrið Húgó**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00 Lína langsokkur**
**16.25 Hvellur keppnisbíll**
**16.37 Ævintýraferðin**
**16.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00 Kormákur**
**17.12 Zigby**
**17.26 Stóri og Litli**
**17.39 Brunabílarnir**
**18.00 Könnuðurinn Dóra**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**



**Könnuðurinn Dóra kl. 10.00, 14.00 og 18.00**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 The Open Championship**
**13.30 PGA Highlights**
**14.25 The Open Championship**
**20.35 Golfing World**
**21.25 Marathon Classic**
**23.10 Golfing World**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.30 Waitress**
**12.15 The Second Best Exotic Marigold Hotel**
**14.15 Hitch**
**16.10 Waitress** Hugljúf og rómantísk gamanmynd um þjónustustúlkuna Jennu sem er föst í óhamingjusömu hjónabandi en hún lifir í þeirri von um að hún muni að lokum geta skotið saman nægu þjórfé svo hún geti hafið nýtt líf.
**17.55 The Second Best Exotic Marigold Hotel**
**20.00 Hitch**
**22.00 Let's Be Cops** Ryan og Johnson eru góðir vinir sem hafa brallað eitt og annað misgáfulegt í gegnum tíðina. Eitt kvöldið ákveða þeir að klæðast lögreglubúning í búningapartýi og viðbrögð fólks láta ekki á sér standa þar sem flestir telja þá vera alvöru löggur. Þeir félagar ákveða að taka grínið upp á næsta stig og útbúa lögreglubíl til að fullkomna gervið. Málið tekur hins vegar nýja stefnu þegar þeir fá fyrir tilviljun alvöru lögreglumál upp í hendurnar og ákveða að láta vaða. Með aðalhlutverk fara Jake Johnson og Damon Wyans Jr.
**23.45 My Old Lady**
**01.30 True Story** Spennutryllir frá 2015 með James Franco, Jonah Hill og Felicity Jones.
**03.10 Let's Be Cops**

## RÚV

**15.30 HM í sundi**
**18.00 Fréttir**
**18.10 Veður**
**18.15 Ísland - Austurríki**
**20.55 Víkingalottó**
**21.00 Steinsteypuöldin**
**21.30 Kynjahalli í Hollywood**
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Veðurfréttir**
**22.25 Golfið**
**22.55 Skömm**
**23.45 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Crazy Ex-Girlfriend**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.35 Dr. Phil**
**14.15 The Great Indoors**
**14.40 Royal Pains**
**15.25 Making History**
**15.50 Pitch**
**16.35 King of Queens**
**17.00 Younger**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**19.10 The Late Late Show with James Corden**
**19.50 Life in Pieces**
**20.15 Remedy**
**21.00 Imposters**
**21.45 Bull**
**22.30 Sex & Drugs & Rock & Roll**
**23.00 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**23.40 The Late Late Show with James Corden**
**00.20 Deadwood**
**01.05 Chicago Med**
**01.50 How To Get Away With Murder**
**02.35 MacGyver**
**03.20 Better Things**
**03.50 Imposters**
**04.35 Bull**
**05.20 Sex & Drugs & Rock & Roll**
**05.50 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




Nafnið breytist, en við erum enn til taks
þegar ævintýraþráin gerir vart við sig.
**airicelandconnect.is**

Air Iceland Connect












Tómas, Níels og Gissur eru mennirnir á bak við leikverkið Ég og minn bipolar bróðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Undirstaða hvers harmleiks er húmor

Á morgun fer verkið Ég og minn bipolar bróðir í sýningu í Félagsheimili Seltjarnarness. Verkið verður sýnt þrisvar sinnum og markmið þeirra sem standa að verkinu er að láta gott af sér leiða að sögn leikstjórans.

Leikritið Ég og minn bipolar bróðir er eftir Tómas Gauta Jóhannsson en hann leikur jafnframt annað aðalhlutverkið. Gissur Ari Kristinsson leikur á móti honum. Verkið fjallar um eineggja tvíburana Jakob og Pétur og þeirra lífsbaráttu, þegar annar þeirra greinist með geðhvarfasýki.

Níels Thibaud Girerd, gjarnan kallaður Nilli, leikstýrir og heldur utan um umgjörð verksins. Spurður út í hvernig það kemur til að hann leikstýrir þessu verki segir Níels: „Þetta kemur til þannig að félagar mínir Tómas og Gissur Ari hafa samband við mig og segja mér að þeir séu með hugmynd í kollinum um að setja upp leikrit í sumar. Og þeir báru hana undir mig. Þetta eru mjög skapandi menn og ég tel okkur alla vera það upp að vissu marki. Við erum alltaf opnir fyrir einhverju svona,“ útskýrir Níels sem stökk á tækifærið með vinum sínum.

„Tómas Gauti hefur verið mikið að skrifa leikrit undanfarin ár, og hann hefur meira að segja náð að selja eitt slíkt. Gissur er tómstunda- og félagsmálafræðingur ásamt því að hafa verið að leikstýra grunnskólastykkjum fyrir Valhúsaskóla. Sjálfur er ég búinn að vera að vinna niðri í Óperu,“ segir Níels spurður út í bakgrunn hópsins.

**Svolítið djarfir**

Níels, Tómas og Gissur eru greinilega sultuslakir að eðlisfari en þeir byrjuðu að æfa leikritið fyrir um tveimur vikum og eru að leggja lokahönd á sviðsmyndina. „Við ætlum svo að frumsýna það fyrir þriðju vikuna. Þannig að þetta er svolítið djarft.“

**ÞEGAR VIÐ LENDUM Í EINHVERJU ERFIÐU ÞÁ OFTAST REYNUM VIÐ AÐ LÍTA Á BJÖRTU HLIÐARNAR. OG ÞETTA ER BARA MJÖG FYNDIÐ VERK... ÆTLA ÉG RÉTT AÐ VONA.**

„Nei, nei, ekkert stress,“ svarar Níels aðspurður hvort þeir séu ekkert stressaðir. „Við höfum bara trú á því sem við erum að gera, að það sé rétt og fallegt. Það er það eina sem við þurfum að hafa. Svo kemur fólk bara og hver dæmir fyrir sig, það er ekki á okkar ábyrgð. Markmiðið er bara að búa til heiðarlegt leikhús, ef svo mætti að orði komast, út frá þessari sögu um mann með geðhvarfasýki.“

Spurður út í hvort leikritið sé byggt á einhverri persónulegri reynslu segir Níels: „Nei, það er það ekki. Ég er að taka við fyrsta leikstjórnarverkefninu á sviði í langan tíma og við ætlum ekkert að setja okkur á háan hest varðandi það að reyna að skilja þennan sjúkdóm. Við erum ekkert að kafa niður í einhverja svaka dýpt, þetta er náttúrulega líka viðkvæmt mál.“

„Verkið fjallar um hvernig menn takast á við þennan sjúkdóm. Við erum samt ekkert að segja fólki hvernig á að takast á við hann eða hvort eitthvað sé rétt eða rangt, við erum bara að draga upp mynd af mögulegu ástandi þeirra sem lifa í þessum harmleik.“

Þó að verkið fjalli um alvarlegan sjúkdóm og baráttuna við hann þá spilar húmor stórt hlutverki í verkinu að sögn Níelsar. „Já, húmorinn er til staðar, grunnundirstaða hvers harmleiks er húmor. Þegar við lendum í einhverju erfiðu þá oftast reynum við að líta á björtu hliðarnar. Og þetta er bara mjög fyndið verk, ætla ég rétt að vona. Mér finnst það allavega,“ segir Níels.

**Láta gott af sér leiða**

Verkið verður sýnt þrisvar sinnum. „Ágóðinn sem safnast á fyrstu tveimur sýningunum rennur í sjóð til að byggja aftur upp leikhúslíf á Seltjarnarnesi. Hér hefur ekkert leikhúslíf í raun og veru verið síðan árið 2005, nema hjá grunnskólunum.“

Þriðja sýningin er svo styrktarsýning fyrir geðfræðslufélagið Hugrúnu. „Það félag hefur það að markmiði að fræða ungt fólk um geðheilbrigði og geðsjúkdóma. Í því eru nemendur í hjúkrunarfræði, læknisfræði og sálfræði sem fræða menntskælinga um allt land um geðsjúkdóma, afleiðingar og geðhjálp,“ segir Níels.

Hann bætir við: „Miðasala er á tix.is og það kostar 1.500 krónur inn, það er nú gjöf en ekki gjald. Og svo er sýningin til styrktar Hugrúnu haldin í byrjun mánaðar,“ segir hann og hlær. „Þannig að við mælum með að allir komi og sjái.“

Hópurinn ætlar greinilega að láta gott af sér leiða með vinnu sinni. „Í raun var hugmyndin að í staðinn fyrir að fara að splitta einhverjum ágóða, því við búum allir í foreldrahúsum og svona, þá vildum við frekar láta gott af okkur leiða, með þessu meðal annars.“ **gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


BREYTTU
ÓHAPPATÖLU Í
HAPPATÖLU
13
26
Stelpurnar okkar sjá um leiksnillina en við sem heima sitjum sjáum um heppnina. Krossaðu fingur, hentu salti yfir öxlina og breyttu óhappatölu í happatölu með EM fötunni á KFC.
13 BBQ HOT WINGS
+
13 HOT WINGS
ÁFRAM ÍSLAND
EM FATA
2.899 kr
KFC

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR



Bjarna Karlssonar

# Náðhúsaremba

Núna er ég á ferðalagi. Það er gott að fara um jarðskorpuna og kynnast veröldinni. Eitt af því áhugaverða sem maður verður áskynja á flækingi er salernismenningin hér og þar. Ungur að árum fór ég yfir Bandaríkin frá A til V og tók þá eftir því hvernig mannlífið glaðnaði eftir því sem vestar dró en salernisaðstaðan varð að sama skapi frjálslegri. Nú höfum við hjónin ekið frá Þýskalandi og suður eftir Ítalíuskaga og sagan er söm.

Norðan Alpafjallanna kostar evru að nýta sér almenningssalernin og ábúðarmikið fólk með nafnspjöld sér til þess að allt fari vel fram. Sumstaðar fer sjálfvirkur salernissetu-hreinsibúnaður af stað þegar básinn er kvaddur, manni líður eins og í apóteki og aðgöngumiðinn gildir sem afsláttur á ágætis kaffi. Eftir því sem sunnar dregur í álfunni koma fleiri tilviljanir inn í myndina, staðlað notendaviðmót víkur en þess í stað kynnist maður fjölbreyttum persónuleikum, kostnaður fellur niður og fátt minnir á apótek nema ammóníaksþefurinn í loftinu.

En eitt er þó hvarvetna eins hvort heldur austan eða vestan hafs, óháð öllum lengdargráðum og landamærum og líka þegar við förum bara í leikhús heima á Íslandi; konur híma í röðum við dyr náðhússins á meðan karlar ganga gleiðir inn og rakleitt út að loknu erindi sínu. Hvað er það? Hvað veldur því að hvar sem fólk kemur saman í veröldinni skuli konur vera settar í að bíða á meðan karlar strunsa í gegn? Við þurfum öll að komast á klósett nokkrum sinnum á dag og það er þekkt staðreynd að konur þurfa meiri tíma og rými til þess arna. Eigum við ekki bara að viðurkenna hið augljósa? Þetta er karlremba í skipulagi og hönnun – náðhúsaremba!

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

GLAMOUR.is

Allt það helsta úr heimi TÍSKUNNAR á einum stað
GLAMOUR.IS




*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.
BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS